

Framtíðin er í lit
Höfum tekið í notkun hágaða Xerox laser litprentara
Nánari upplýsingar í síma 456 4560

H-PRENT



Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

● Greiðslumat á netinu
● Lánsumsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is




**Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18
Sími 410 8119**



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 2. febrúar 2005 · 5. tbl. · 22. árg.

Hagstofa Íslands

49 félög stofnuð á Vestfjörðum

Á nýliðnu ári voru stofnuð 49 hluta- og einkahlutafélög á Vestfjörðum. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Flest voru félögin stofnuð í smábátaútgærd eða 13 talsins og í útgærd stærri fiskiskipa voru félögin 3 og í húsbýggingum voru félögin einnig 3 talsins.

Nýskráningum félaga hefur farið fækkandi á Vestfjörðum á síðustu tveimur árum eftir mikla fjölgun sem náði hámarki með stofnum 128 félaga árið 2002. Árið 2003 voru félögin 72 talsins.

Vestfirðingar voru í fyrra komnir undir landsmeðaltal í stofnun hluta- og einkahlutafélaga eftir að hafa verið langt yfir meðaltali árin á undan. – *hj@bb.is*



**Flest voru félögin
stofnuð í smábátaútgerð.**



Bátar sem landa aflu til vinnslu á Suðureyri áttu að fá úthlutað kvóta.

Reglur Ísafjarðarbæjar um úthlutun byggðakvóta ekki nægilega skýrar

Sjávarútvegsráðuneytið óskar eftir skýrari reglum

Sjávarútvegsráðuneytið hefur óskað eftir skýrari reglum frá Ísafjarðarbæ um úthlutun byggðakvóta þess er í hlut bæjarins kom fyrir nokkru. Að undanfögnu hafa reglur sveitarfélaga verið til skoðunar í sjávarútvegsráðuneytinu og hafa reglur allra sveitarfélaga á Vestfirjörðum nú verið samþykktar nema Ísafjarðarbær. Þó er rétt að geta þess

ad bæjarstjórn Bolungarvíkur fékk á sínum tíma frest til þess að skila inn reglum og munu þær vera í smíðum. Að sögn Jóns B. Jónassonar skrifstofustjóra í sjávarútvegsráðuneytinu var óskað eftir skýrari reglum frá Ísafjarðarbæ. „Í tillögum þeim er Ísafjarðarbær sendi var ekki nægilega skýrt hverjar hefðu möguleika á að sækja um kvótann og eftir hvaða

reglum ætti að úthluta honum. Því var óskað nákvæmari reglna“, segir Jón.

Sem kunnugt er komu 210 tonn í hlut Ísafjarðarbæjar. 120 tonnum var úthlutað til sveitarfélagsins í heild, 60 tonnum til Þingeyrar og 30 tonnum til Hnífsdals. Eftir miklar vangaeltur og umræður í bæjarstjórn var samþykkt að úthluta 120 tonna kvótanum til báta

og skipa sem landa aflla sínum til Kambs á Flateyri og Íslandssögu á Suðureyri. Fyrir nokkru gerði lögmáður Hraðfrystihússins-Gunnvarar atugasemdir við þessa samþykkt bæjarstjórnar og telur hana ekki uppfylla kröfur um almenn og hlutlæg skilyrði sem sett eru fyrir úthlutun. Telur hann að ekki eigi allir jafna möguleika á að fá hlut.

Umferð um Þorskafljóðarheiði eykst mikið

Umferð um Gilsfjörð hefur aukist mikið á undanförunum árum eða mun meira en umferð um Ennisháls. Þetta kemur fram í tölum á vef Leiðar ehf. Á árinu 2000 var meðalumferð á dag um Gilsfjörð 135 bílar en var orðin

199 bílar árið 2004. Aukningin er rúm 47% og hefur umferð aukist þar á frá ári. Sömu sögu er að segja um meðalumferð um Ögur. Þar fóru 93 bílar um árið 2000 en 119 árið 2004. Aukningin er því tæp 28%. Þar er sjáanleg aukning öll

árin.

Aðra sögu er að segja af umferð um Ennisháls í Strandasýslu. Árið 2000 var meðalumferð á dag 122 bílar. Árið 2002 var umferðin komin í 144 bíla. Á síðasta ári hafði umferðin hinsvegar minnkað

í 136 bilda. Á heimasíðu Leiðar segir að rekja megi þessa þróun til betri vega, bætts tíðarfars, aukinnar bílaeignar og tíðari ferðalaga. Samdrátt í umferð um Strandir er talið að megi rekja til stóruáukinnar umferðar um Þorskafljarðarheiði

þar sem unnið hefur verið að
talsverðum lagfæringum á
veginum síðustu tvö sumur.

Leið ehf. hefur um skeið unnið að undirbúningi lagn-
ingar vegar um Arnkötludal
og Gautsdal, svokallaðan
Stranddalaveg. – *hj@bb.is*

INNANLANDS er...
 allgæta flutingsmaðill á Íslandi. Við höfum samrætt Austanflutnings Fyrirtæki, glósmekur Eimskip og sæðisálfabætur um land allt í allt heildstærkt flutingskerfi. Við bjóðum daglegar ferðir og öflaga dreifingartíðnustu bandi fyrir fjölbreyttar og fjartíðni af öllum stærðum og gerðum og öllum leiðum á flutningum á landum og loftum álfurum.

Hækkun raforkukostnaðar nemur hluta neytenda þrátt fyrir auknar ni

Hluti neytenda á Vestfjörðum þarf að sætta sig við 23-36% hækkun húshitunarkostnaðar ef tillögur iðnaðarráðherra ná óbreyttar fram að ganga. Þetta gerist þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur þar sem þak á þeim verður lækkað. Það bitnar fyrst og fremst á eigendum stærri og eldri húsa. Stór hluti þeirra er eldra fólk. Erfitt og kostnaðarsamt er að bregðast við þessari hækkun með bættri einangrun húsa.

Í umræðu utan dagskrár á Alþingi á dögunum um gildis-

töku og áhrif nýrra orkulaga tilkynnti Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra að niðurgreiðslur á raforku til húshitunar yrðu auknar um 135 milljónir króna til þess að koma í veg fyrir þær miklu hækkunar sem boðaðar höfðu verið með nýjum gjaldskrárum orkufyrirtækja í kjölfar nýrra raforkulaga. Með þeirri aukningu á niðurgreiðslum sagði ráðherrann að hækkun á rafmagnskostnaði yrði ekki hærri en 5-8% í þéttbýli og mest um 10% í strjálbýli. Samtals nema

því niðurgreiðslur á rafhitun um 1 milljarði króna.

Jafnframt tilkynnti ráðherrann að þak á niðurgreiddri hámarksnotkun yrði lækkað úr 50.000 kWh ári niður í 35.000 kWh á ári. Í máli ráðherra kom fram að sú breyting sparaði um 57 milljónir króna sem færu þá til aukinnar niðurgreiðslu hjá þeim sem undir umræddu þaki eru. Með öðrum orðum, 57 milljónir króna bættast á reikning þeirra sem nota þurfa mesta orku til að kynda hús sín.

En hverju skila þessar auknu niðurgreiðslur og breyting á þaki niðurgreiðslna til orku-kaupenda í dreifbýli. Ætla má að þær 135 milljónir króna í auknar niðurgreiðslur skili neytendum um 1,30 kr/kWh þ.e. þær hækki úr 2,23 kr/kWh í 3,53 kr/kWh. Orkureikningur húseiganda í dreifbýli sem kaupir 5.000 kWh á ári til almennrar notkunar og 30.000 kWh til húshitunar verður um 8% hærri eftir að niðurgreiðslur eru auknar. Áður stefndi í að sá reikningur myndi hækka

um ríflega 41%. Sá sem þarf 35.000 kWh á ári til þess að hita húsa kynni sín fær í hendurnar 9,5% hærri orkureikning í stað rúmlega 45% hærri orkureikning. Orð iðnaðarráðherra standast því hvað þessa hópa varðar.

Þeir sem þurfa meiri raforku en 35.000 kWh á ári til þess að hita hýbýli sín þurfa að sætta sig við meiri hækkunar. Sá sem þarf 40.000 kWh fær tæplega 24% hærri reikning og sá sem þarf 45.000 kWh á ári fær 36% hærri reikning. Áður stefndi í

að þessir húseigendur þyrftu að greiða um 50% hærri orkureikning. Þessar tölur sýna að þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur þarf nokkur hluti orkukaupenda í dreifbýli að sæta töluvert miklum hækkunum á raforkuverði til húshitunar eftir gildistöku hinna nýju raforkulaga sem ekki áttu að auka kostnað í raforkukerfinu.

Hækkun á þaki því sem verið hefur á niðurgreiðslum á raforku er gamalt baráttumál íbúa á svokölluðum köldum svæðum. Lengi var þak þetta í

Verkefnisstjórn dómsmálaráðherra sem skipuð var til að semja tillögur um nýskipan lögreglumála

Leggur til að lögregluliðin á Vestfjörðum verði sameinuð

Verkefnisstjórn dómsmálaráðherra sem skipuð var til að semja tillögur um nýskipan lögreglumála leggur til að lögregluliðin á Patreksfirði, Ísafirði, Bolungarvík og Hólmarvík verði sameinuð í eitt lið sem hefði á að skipa 21 lögreglumanni. Starfshópurinn ræddi einnig sameiningu allra lögregluliða á Vesturlandi og Vestfjörðum í eitt lið sem hefði um 50 manna lögreglulið en segir að landfræðilegar aðstæður, samgönguerfðileikar yfir vetrarmánuði auk sérstakra aðstæðna á Vestfjörðum vegna hættu á snjóflóðum

mæli með því að liðin verði frekar tvö. Verkefnisstjórnin var skipuð í nóvember 2003 og var falið það verkefni að móta og setja fram tillögur að breytingum á umdæmskipan við löggæslu og innra starfi lögreglunnar. Í erindisbréfi nefndarinnar segir að tillögur hennar skuli miða að því að styrkja og efla starfsemi lögreglu og sýslumanna og nýta fjármuni betur.

Þá var starfshópnun ætlað að móta löggæsluáætlun til næstu ára, þar sem kynnt yrði forgangsröðun við úrlausn verkefna og þess freistað að

setja löggæslunni mælanleg markmið. Ekki var gert ráð fyrir því að tillögur hópsins leiði til þess að sýslumannsembættum fækki eins og sagði í erindisbréfi nefndarinnar. Í starfshópnun sátu Stefán Eiríksson skrifstofustjóri í dóms-

málaráðuneytinu, Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og Skúli Magnússon dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

Eins og áður sagði var ekki gert ráð fyrir að tillögur starfshópsins leiddu til fækkunar á

sýslumönnum landsins. Tillögur um slíkt hafa mætt mikilli andstöðu í gegnum tíðina. Með skýrslu verkefnisstjórnarinnar eru birtar fjórar skýrslur sem unnar eru af sýslumönnum og lögreglumönnum. Í öllum þessum skýrslum eru

gerðar tillögur um verulegar breytingar á skipan lögregluliða á Vestfjörðum. Er því mjög líklegt að innan skamms verði umtalsverð breyting á skipan lögregluembættanna á Vestfjörðum sem og annars staðar á landinu. – *hj@bb.is*

Frumvarp um stofnun háskóla á Vestfjörðum lagt fram breytist hugmyndir starfshóps ekki

Undrast að Ísafjarðarbær hafi ekki ályktað um málið

Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður segir að hugmyndir þær sem kynntar hafa verið af starfshópi um stofnun þekkingarseturs á Vestfjörðum, uppfylli ekki þau markmið sem hann og aðrir alþingismenn sem lögðu til stofnun háskóla á Vestfjörðum á síðasta þingi, hafi gert í málinu. Hann segir að verði niðurstaða starfshópsins svipuð og kynnt hefur verið muni hann leggja frumvarpið fram að nýju á Alþingi. Hann undrast að stærsti hagsmunaaðilinn í málinu, Ísafjarðarbær, skuli ekki hafa ályktað um málið.

Töluverð umræða hefur farið fram um hugmyndir þær sem starfsmaður starfshóps um stofnun þekkingarseturs á Vestfjörðum kynnti stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða fyrir nokkru. Í kjölfarið ritaði Ólína Þorvarðardóttir skóla-meistari Menntaskólans á



Ísafirði grein á *bb.is* þar sem hún líkti afrakstri starfshópsins við niðurlæggingu og sagði að í tillögum starfshópsins væri byrjað á röngum enda.

Kristinn H. Gunnarsson lagði á síðasta þingi fram tillögum til þingsályktunar um stofnun háskóla á Vestfjörðum þar sem reiknað var með að hann tæki til starfa haustið 2005. Sú tillaga hlaut ekki afgreiðslu á þingi m.a. vegna andstöðu í stjórnarflokkunum að hans sögn. Í haust boðaði

Kristinn að tillagan yrði flutt að nýju á haustþingi en af því hefur ekki orðið. Kristinn segir að hann hafi ákveðið að bíða með endurflutning tillögunnar þar til afrakstur starfshóps menntamálaráðherra kæmi í ljós. Hann segir tillögur þær sem starfshópurinn hefur kynnt uppfylli ekki þau markmið sem hann setti með flutningi tillögunnar.

„Verði niðurstaða hópsins í samræmi við þær hugmyndir sem kynntar hafa verið þá mun

ég flytja mína tillögu að nýju á þingi. Því miður hefur menntamálaráðherra ekki sýnt málinu nægan skilning hingað til og það endurspeglast í tillögum starfshópsins. Tillögurnar eins og þær eru kynntar gefa ekki til kynna að það stefni í að stofnaður verði háskóli á Vestfjörðum. Hins vegar er ég tilbúinn að skoða allar hugmyndir sem fela í sér ákveðna og tímasetta leið að því marki að á Vestfjörðum verði stofnaður sjálfstæður háskóli“, segir Kristinn.

Hann segist því taka undir sjónarmið Ólínu Þorvarðardóttur í málinu. „Þessi umræða nú er tímabær og það undrar mig mjög að stærsti hagsmunaaðilinn í málinu, bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, hefur ekkert látið frá sér fara um þetta brýna hagsmunamál Vestfirðinga“, segir Kristinn. – *hj@bb.is*



ÍSAFJARÐARBÆR

STAÐAÐSTOÐARLEIKSKOLASTJÓRA VIÐ LEIKSKÓLANN SÓLBORG Á ÍSAFIRÐI

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Sólborg á Ísafirði er laus frá og með 15. febrúar 2005. Leikskólinn er fjögurra deilda skóli sem vinnur eftir aðalnámskrá leikskóla og er með börn á aldrinum frá eins til sex ára. Leikskólinn er með einkunnarorðin virðing – gleði – sköpun, og hefur þau að leiðarljósi í öllu starfi. Leikskólakennaramenntun skilyrði. Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 456 3185, netfang: solborg@isafjordur.is. Umsóknarfrestur er til 14. febrúar.

23-36% hjá ðurgreiðslur

kringum 30.000 kWh á ári. Það þótti því mikið framfaraskref þegar það var hækkað í 50.000 kWh. Skýringin er sú að þeir sem eru í hærri kantinum er oft eldra fólk sem býr í gömlum húsum og einnig þeir sem búa í stórum húsum. Á undanförmum árum hefur töluvert átak verið gert til að bæta einangrun gamalla húsa. Oft á tíðum eru þær framkvæmdir mjög kostnaðarsamar og oft ekki á færi þeirra sem það mest þurfa. Í sumum tilfellum svarar slíkt einfaldlega ekki

kostnaði.

Mörgum viðmælendum blaðsins finnst þessi breyting á niðurgreiðslupakinu mikil afturför. Lækkun á niðurgreiðslupakinu sé ekki að skila ríkissjóði stórum upphæðum. Hún hafi hins vegar alvarlegar afleiðingar fyrir hluta orku kaupenda. Í þeim hópi séu oftast en ekki eldra fólk sem lítið eða ekkert hefur á milli handanna. Þessi breyting muni því ekki spara orku heldur aðeins veikja byggð á ákveðnum svæðum.

— *hj@bb.is*



Óhætt er að segja að rekstur Grunnskólans á Ísafirði sé mjög hagstæður.

Grunnskólinn á Ísafirði

Með lágsta rekstrarkostnaðinn

Grunnskólinn á Ísafirði hefur lágsta kostnað á hvern nemenda miðað við sambærilega skóla á landsvísu, samkvæmt samanburði Skarphéðins Jónssonar, skólastjóra GÍ. Þar kemur fram að 13 grunnskólar á landinu voru með nemendafjölda frá 500 til 600 árið 2003. Þar er GÍ skráður með 532 nemendum. Ef kostnaður á nemanda er skoðaður með hliðsjón af nemendafjölda er GÍ ódýrastur með 456.000 kr. á nemanda en dýrasti skólinn er í Reykjavík og kostar þar hver nemandi 677.000 kr.

„Ef allir grunnskólarnir í Ísafjarðarbæ eru lagðir saman (þ.e. þrír fámennir og einn fjölmennur skóli) eru þar 682 nemendur samtals. Kostnaður ársins 2003 fyrir alla grunnskóla Ísafjarðarbæjar var um 350 milljónir króna eða um 514.000 kr. á hvern nemanda. Til samanburðar má geta þess

að í Reykjavík er einn skóli skráður með 687 nemendum árið 2003 og er kostnaður á hvern nemanda í þeim skóla um 528.000 krónur eða lítillega hærri en í öllum fjórum skólum Ísafjarðarbæjar samantlagt“, segir í pistli Skarphéðins.

Skarphéðinn segir ýmsar ástæður fyrir þessum mun á milli skóla og hafa beri hugfast að kostnaður við rekstur skóla þurfi alls ekki að endurspegla gæði skólastarfs eða ráðdeild eða soun í fjármálaglegum rekstri. Fjölmargir þættir geti skýrt niðurstöðu í rekstri skóla, þjónusta skólanna sé mismikil, sums staðar séu t.d. reknar sérdeildir fyrir sveitarfélög sem jafnvel aðrir skólar nýti sér. Framkvæmdir í einstökum skólum geti einnig skekkt myndina og taka beri þessum tölum með fyrirvara.

— *thelma@bb.is*



Beninstöðin var rekin af þremur olúfélögum. Þeim samrekstri lauk fyrir nokkru.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

Telur sannað að ólöglegt samráð hafi verið á Ísafirði

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur sannað að olúfélögin Olís og Skeljungur hafi frá gildistöku samkeppnislaga og fram á árið 1997 skipt til helminga allri sölu fyrirtækjanna á Ísafirði og á árunum 1997-2001 hafi fyrirkomulagið verið með þeim hætti að stórum viðskiptavinum hafi verið skipt

upp á milli félaganna samkvæmt samkomulagi þeirra á milli en sölu til smærri aðila áfram verið skipt til helminga. Ekki er talið að Olúfélagið hafi átt þátt í þessum brotum.

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála vegna meints samráðs olúfélaganna var birtur á mánudag. Olúfélögin höfðu áfrýjað úrskurði Sam-

keppnisstofnunar til nefndarinnar. Í úrskurði nefndarinnar eru sektir olúfélaganna lækkaðar verulega.

Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar kemur fram að hún fellst á þá niðurstöðu samkeppnisráðs að Olís og Skeljungur hafi haft samráð um að veita tiltekinn afslátt til Björgunarbátasjóðs Slysavarnafé-

lags Íslands á Vestfjörðum síðla árs 1997. Fyrirgreint samráð fór fram án vitundar Olúfélagsins að því er best verður séð, eins og það er orðað í skýrslunni. Þá staðfestir úrskurðarnefndin einnig að samrekstur olúfélaganna þriggja á bensínstöðinni á Ísafirði hafi stangast á við samkeppnislög.

ÚTSALAN ER HAFIN!

Hafnarbúðin
Sími 456 3245




Tónlistin í hávegum höfð á Sunnukórsballinu

Um 160 manns sóttu hinn árlega dansleik Sunnukórsins sem var haldinn í sal frímúrara á Ísafirði á laugardagskvöld. „Ballíð var mjög vel heppnað þrátt fyrir ýmsar uppákomur og heyrði ég ekki annað á fólki en að það væri mjög ánægt með þetta“, segir Páll Gunnar Loftsson, annar tveggja veislustjóra kvöldsins en

vegleg dagskrá var í boði þar sem tónlist var í hávegum höfð. Að sjálfsögðu kom Sunnukórinn fram auk ýmissa annarra skemmtikrafta. Meðal annars söng Þórunn Sigþórsdóttir söngkona og nýráðinn sólrísluleikstjóri nokkur lög, og pör frá dansskóla Evu Friðþjófsdóttur stígu létt dansspor. Auk Páls var veislustjórni í

öruggum höndum Ólínu Þorvarðardóttur. Matreiðslumeistarar frá SKG veitingum töfruðu fram snittur og hinar ómissandi Sunnukórspönnukökur. Þær breytingar urðu á dagskránni að Baldur Geirmundsson komst ekki á ballíð og var fengin önfirski hljómsveitin Hjónabandið til að hlaupa í skarðið. „Það var hringt í

Hjónabandið í snatri er ljóst var að BG var veður-
tepptur inni í Djúpi. Þeir komu nánast spilandi inn í húsið og héldu uppi frábærri stemmningu fram eftir nóttu“, segir Páll. Ljósmyndari blaðsins kom við á ballinu og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is í vikunni. – *thelma@bb.is*





Valið saltkjöt úr kjötbörð

Tilboðverð 599
20%
afsláttur á kassa
verð skó 1249


Sprengidagurinn nálgast

Tilboð 03. - 11. feb.



Bændi saltkjöt úr bori

Tilboðverð 599
32%
afsláttur á kassa
verð skó 402



Tilboðverð
39 kr
Verð skó 75

Salt
kjöt í kassa



Ótta stökkið salt

Tilboðverð 599
30%
afsláttur á kassa
verð skó 419



potur

Tilboðverð
79 kr/kg
Verð skó 99



Prunur
kristallur í kassa

Tilboðverð
49 kr/kg
Verð skó 75



Salt
kjöt í kassa

Tilboðverð
30%
afsláttur á kassa
verð skó 109



Salt
kjöt í kassa

Tilboðverð
149 kr
Verð skó 199




Ársmóti af 4 st.

Tilboðverð
199 kr
Verð skó 279




Saltkjöt í kassa 20g

Tilboðverð
189 kr
Verð skó 279



Tilboðverð
199 kr
Verð skó 259

Saltkjöt í kassa



Saltkjöt 20g

Tilboðverð
149 kr
Verð skó 239

Samkaup úrval

Grænabúð • Hagkerfið • Álfabúð • Isakabúð • Álfabúð • Dabúð • Bláafljótt • Ólafabúð • Húsa • Egghús • Bæjar • Borgarnes

ritstjórnargrein

Vaxtarsam- ingur Vestfjarða

Ef allt hefur gengið eftir með samgöngur við Ísafjörð á þeim degi er þetta eintak af Bæjarins besta kemur fyrir augu lesenda, ætli iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, að vera mætt á kynningarfundir í Stjórnisýsluhúsinu á Ísafirði. Til fundarins, sem ber ofangreinda yfirskrift, er efnt vegna skýrslu verkefnisnefndar um byggðaaætlun Vestfjarða. Auk ráðherra mun mikið mannval leiða fundinn þar á meðal bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Vissulega ætti það að vera ánægjuforni í hvert sinn sem efni er til fundar um málefni landsbyggðarinnar; ekki síst hjá íbúum þeirra staða, sem stimplaðir hafa verið sem byggðakjarnar og þar með í orði hlötud náð í auglýstri viðleitni ríkisvaldsins til að viðhalda byggð í landinu utan þéttbýliskjarnans á suðurhorninu. En því miður verður það að segjast eins og er að afkrastur þessara skrafsógráðagerðasamkomu hefur hingað til ekki verið í neinu samræmi við fyrirheit og væntingar.

Bæjarins besta á satt best að segja ekki von á því að fyrri tíma ábendingar og baráttu Vestfirðinga fyrir að fá eitt og annað af verkefnum hins opinbera í fjórðunginn komi til með að vegna þungt í umræðunni á fundinum. Fortíðin virðist nokkuð álmennt séð vandmeðfarin nú um stundir. Af yfirskrift ráðstefnunnar má ráða að nú skulu ganga til nýrra tíma með „vaxtarsamning“, væntanlega eithvað í líkingu við samning þann sem gerður var við Eyjafjarðarsvæðið á sínum tíma, uppi í erminni.

Hvað sem þessu öllu líður telur BB rétt að velta upp eftirfarandi:

Hvar sem borið er niður telja menn samgöngur vera eina af megin forsendum bygðar á strjálbýli. Hvað líður útboði á þvernum Mjóafjarðar, sem látið var í veðri vaka um mitt s.l. ár, að gæti farið í útboð um nýliðin áramót og ef allt gengi eftir gæti framkvæmdum lokið síðla árs 2007?

Hver er staðan í orkumálum Vestfirðinga?

Á að þverskallast við óskum Vestfirðinga um háskóla á Vestfirðum? Fyrstu hugmyndir starfshóps menntamálaráðs herra benda því miður til að það sé ætlinn. Vestfirðingar þekkja þessa andúð frá þeim tímum er þeir börðust fyrir menntaskóla á Ísafirði. Þá var uppi sami þvergirðingshátturinn og nú; fyrirliggjandi hagsmunir varðir með öllum tiltækum ráðum; Vestfirðingar gefa ekki með aðri skóla að gera, þeir geta áfram sótt nám sitt til okkar!

Óskandi er að vaxtarsamningurinn fyrirhugaði verði Vestfirðingum annað og meira en orðin tóm. Í þeim efnum er ekki ábætandi! *s.h.*

s.h.



Frá Látrabjargi. Vesturbyggð fékk tvo styrki samtals að fjárhæð 5 milljónir króna til byggingar salernisaðstöðu á Látrabjargi og í Selárdal.

Ferðamálaráð veitir 12,1 milljón króna í styrki til 14 verkefna á Vestfjörðum

Fimm milljónir króna til byggingar salernisaðstöðu

Ferðamálaráð Íslands veitti í síðustu viku 53 styrki til úrbóta á ferðamannastöðum á árinu samtals að upphæð um 40 milljónir króna. Alls komu 14 styrkir að upphæð 12,1 milljónir króna til verkefna á Vestfirðjum. Göngufélag Suðavíkur fékk 150 þúsund króna styrk til merkingar gönguleiða og til brúargerðar í Álfartíri. Reykhólahreppur fékk 300 þúsund króna styrk til gerðar skiltis um sögu og

náttúrufræði í Flatey. Björgunarsveitin Emir fékk 500 þúsund krónur til viðhalds neyðarskýlis í Aðalvík, Ísafjarðarbæ. Fékk 150 þúsund krónur til gerðar upplýsingarmyndbands um Hornstrandir og einnig 300 þúsund krónur til uppbyggingar gönguleiða á Hornströndum.

Þá fékk Reykhólahreppur 300 þúsund krónur til uppbyggingar fuglakodunarstöðu á Reykhólum og Hvíldisvík.

arklettur ehf. á Suðureyri hlaut 200 þúsund krónur í verkefnið „Gönguleiðir milli byggðar- og laga-söguferðir“. Félagshúsið var fékk 200 þúsund krónur til uppsetningar öryggishand- iðs við göngustig. Vestur- byggð fékk tvo styrki samtals á upphæð 5 milljónir króna til byggingar salernisaðstöðu á Látrabjargi og í Selárdal og Hótel Flókalundur fékk styrk á upphæð 1,5 milljónir króna til uppbyggingar á hreinlætis-

aðstöðu í Vatnsfirði. Strandagaldur ses. fékk 2 milljónir króna til Kotbýlis kuklarans og áframhaldandi uppbyggingar Galdrasýningar og aðstöðu í kringum hana í Bjarnafirði, Áhugaeflagði Raggagarður hlaut 500 þúsund krónur til þess að reisa fjöl-skyldugarð fyrir Vestfirði í Súðavík og þá var veittur 1 milljón króna styrkur til áfram-haldandi uppbyggingar Vík-ingaverkefnisins á Þingeyri.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra

Pak á niðurgreiðslu raf- orku til húshitunar lækkað

Ariel Sharon forsætisráðherra Ísraels sagði nýlega að aðstæður væru að skapast fyrir miklum og jákvæðum tíðindum í samskiptum Ísraels og Palestínumanna. Sharon notaði orðalagið „söguleg umskipti“. Við viljum trúna og vonum að friður geti orðið sem fyrst. Kæru kristnu Ísraelsvinir, biðjum fyrir báðum aðilum að augu þeirra mættu opnast fyrir þeim sem gefur sannan frið. Friðarhöfðingjarnum sem fæddist í Betlehem. Hann einn gefur frið sem varir.

Ég naut þess í ferðinni að hafa samfélag við kristna gýðinga og araba. Meðal þeirra eru einstaklingar sem fara á hverjum degi og nóttu að Vesturmúrnun (bænastáð gýngja), til þess að ákalla Guð Biblíunnar. Margir gefa einn klukkutíma á sólarhring í þessa þjónustu, þannig að einhverjir kristnir eru þar allan sólarhringinn. Við vitum að þetta virkar.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra kynnti fyrir helgi á Alþingi, aðgerðir til að minnka þær hækkanir sem orkufyrirtæki hafa að undanförmu kynnt á gjaldskrár sínum til þeirra er kynda hús sín með rafmagni. Eins og áður hefur komið fram verða niður-

greiðslur auknar um 135 milljónir króna og nema því samtals 1.035 milljónum króna. Jafnframt verður hámark niðurgreiðslna lækkað úr 50.000 kWh í 35.000 kWh á ári. Það þýðir að niðurgreiðsla ríkisins nær aðeins töl taplega 3.000 kWh á mánuði. Þurfi húseig-

endur að nota meiri orku til
kyndingar húsa sinna þurfa
þeir að greiða fullt verð fyrir
há orku.

Í máli ráðherra kom fram að meðalorkunotkun heimila væri um 32.000 kWh á ári. Hún sagði jafnframt að niðurfærsla þessa hámarks sparaði

um 57 milljónir króna í niðurgreiðslum. Þingmenn stjórnsýslarandstöðunnar gagnrýndu þessa lækkun niðurgreiðsluhámarksins. Með því væri verið að leggja auknar byrðar á fólk, einkum aldraða, sem búa í stórum húsum og einnig bændur og búalið. – *hi@bb.is*

Úrval-Útsýn og Plúsferðir hætta umboðssölu á Ísafirði

Pantanir á netinu taka við

Ferðaskrifstofurnar Úrval-Útsýn og Plúsferðir hættu allri umboðssölu á Ísafirði um síðustu mánaðarmót. Sama er uppi á teningnum víða annars staðar á landsbyggðinni og eru ferðaskrifstofurnar að draga sig út úr umboðssölusamningum allsstaðar utan höfuðborg-

arsvæðisins nema á Akureyri og í Vestmannaeyjum. „Upplýsingagjöf og bókanir eru í sífellt auknum mæli að færast yfir á Internetið. Við teljum að það sé sú átt sem markaðsurinn sé að þróast í“, segir Helgi Eysteinnsson, sölu- og markaðsstjóri Úrvals-Útsýnar.

„Við erum fyrst og fremst að hagræða. Það er kostnaðarsamt að halda þessu úti um allt land. Verðið á ferðum hefur verið að lækka og það tengist klárlega þessari þróun. Við teljum að þetta geti haldið áfram og að verð eigi eftir að lækka enn frekar. Hjá okkur

leita 70% viðskiptavina sér upplýsinga á Internetinu og á síðasta ári fóru yfir 50% bóka ana fram á netinu. Við gerum ráð fyrir að þetta hlutfall eigi eftir að hækka enn meira. Þetta er sú þróun sem hefur átt sér stað alls staðar í heiminum," segir Helgi. – *halfdan@bb.is*

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9,
400 Ísafiörður sími 456 4560 fax 456 4564.

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is.

Fréttastjóri: Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, sími 863 7655,

alfdan@bb.is – **Blaðamenn:** Halldór Jónsson, sími 892 2132

Bitstiári netútgáfu: Sigurión 1. Sigurðsson, **Líesmyndari:**

Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

• **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Svein-

björnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk.

Askriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og

ISSN 1670 - 031X

ISSN 1070 - 021X

ISSN 1070-021X



Undirbúningsnefndin sem fundaði í Reykjavík. Ekki er að sjá annað en þessir menn séu allir í toppformi og ennþá í fremstu víglínu. Aftari röð frá vinstri: Rúnar Þór Pétursson, Haraldur Leifsson, Tryggvi Sigtryggsson, Frímann Sturluson og Guðmundur Ólafsson. Fremri röð frá vinstri: Þórður Ólafsson, Guðmundur Stefán Mariasson, Einar Ólafsson og Ómar Torfason. Heldur hallar á Harðarpúkana í þessum hóp en um getuna skal ekki fullryt.

Stóra púkamótið haldið á Ísafirði í júlí

Undirbúningur stóra púka-mótsins í fótbolta sem haldið verður á Ísafirði í sumar er nú kominn í fullan gang. Eins og áður hefur komið fram í fjölmiðlum er mótið ætlað öllum sem einhvern tímann hafa verið fótþoltpúkar á Ísafirði og afkomendum þeirra. Auk þess að rifja upp gamla snilldartakta í fótbolta er mótinu ætlað að styrkja þjálfara yngri flokka í

knattspyrnu á Ísafirði. Þannig vilja stóru fótþoltpúkarnir greiða til baka það sem þeir þáðu frá íþróttafélögunum á Ísafirði á árum áður. Mótið verður haldið dagana 22. og 23. júlí og hefur undirbúningsnefndin, sem skipuð er Frímanni Sturlusyni, Pétri Guðmundssyni, Guðmundi Ólafssyni og Jóhanni Torfasyni, kallað fjölmarga menn

til verka við undirbúninginn. Í síðustu viku kom saman vösk sveit manna í Reykjavík til undirbúningsstarfa. Guðmundur Ólafsson einn nefndarmanna segir undirbúning mótsins ganga vel. „Við áttum nú von á því að mótið hlyti góðar undirtektir en að þær yrðu jafn góðar og raun ber vitni þorðum við ekki að vona. Okkur berast sífellt fréttir af

mönnum sem byrjaðir eru að æfa í laumi og ætla að koma á óvart.“ Guðmundur segir að innan skamms hefjist skráning þáttakenda og í framhaldinu verði nánari dagskrá kynnt. „Aðalatriðið er að menn taki þessa helgi frá og fari að æfa svo þeir komist í gömlu Harðar- og Vestra búningana sem hanga inn í skáp“.



Haraldur Hjálmarsson, Grétar Örn Eiríksson og Friðfinnur Hjörtur Hinriksson. Mynd: Páll Ónundarson.

Vagninn á Flateyri Stefnt að opnun á hverri helgi

Nýir rekstraraðilar hafa tekið við skemmtistaðnum Vagninum á Flateyri. Hinir nýju Vagnstjórar eru þrír ungir menn, þeir Haraldur Hjálmarsson, Grétar Örn Eiríksson og Friðfinnur Hjörtur Hinriksson. „Við byrjuðum á laugardag, þá var ball þar sem hljómsveitin Ennisbandið lék fyrir dansi o góð tilboð voru á barnum í tilefni opunarinnar“, segir Friðfinnur Hjörtur. Aðspurður telur

hann að Vagninn hafi síðast verið opinn á annan dag jóla. „Við stefnum að því að hafa opið á hverri helgi, á föstudags- og laugardagskvöldum. Við reiknum með að vera með eitt ball í mánuði og jafnvel einhverjar uppákomur inn á milli balla. Ég vona að þetta gangi vel og fólk taki vel í þetta hjá okkur. Við ætlum að reyna að lyfta starfseminni aðeins upp“, segir Friðfinnur Hjörtur. – halfdan@bb.is

Glæsilegar páska- og vorferðir

Kanari 23. - 30. mars - á Paraiso Netverð frá 59.990* kr. 72.730 kr. ef 2 ferðast saman	Benidorm 19. - 31. mars - á Halley Netverð frá 41.950* kr. 58.480 kr. ef 2 ferðast saman	Portúgal 17. - 29. mars - á Alagoamar Netverð frá 48.480* kr. 70.115 kr. ef 2 ferðast saman
Costa del Sol 8. - 19. maí - á Santa Clara Netverð frá 58.700 kr. miðað við að 2 ferðast saman.	Mallorca 19. - 26. maí - á Pili Lari Playa Netverð frá 38.435* kr. 47.750 kr. ef 2 ferðast saman	Costa del Sol 8. - 26. maí - á Santa Clara Netverð frá 73.160 kr. miðað við að 2 ferðast saman

Innitíð: Flug, gisting og flugvallarskattar.
 *M.v. að 2 fullorðnir og 2 börn 2ja - 11 ára, ferðist saman.

Bókaðu strax besta Plúsferðaverðið á netinu!

Verð miðast við að bókað sé á netinu, ef bókað er í síma eða í skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja búkun.

Plúsferðir • Hlíðasmára 15 • Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is

London, París, Róm og Dublin sem jólabónus

Ísfirðingarnir Birgir Þór Halldórsson og Halldór Hlöðversson fóru í draumaferðina um jólin og áramótin og heimsóttu nokkrar af stórborgum Evrópu. Þeir skipu-
lögðu ferðina sjálfir frá upphafi til enda og lentu í ýmsum ævintýrum á þrettán daga ferðalagi. Þeir rekja ferðasöguna hér á eftir.



Birgir Þór Halldórsson og Halldór Hlöðversson.

Birgir: Við ákváðum að verðlauna okkur fyrir heilsu-átak. Til að byrja með ætluðum við að fara í helgarferð til Færeyja en hugmyndin þróaðist í tónleikaferð til London. Síðan álpaðist það út úr mér að það væri nú ekkert mál að skreppa frá London til Parísar. Þar með var boltinn farinn að rúlla og þetta endaði með 13 daga ferð til fjögurra stórborga í Evrópu.

Halldór: Með hjálp Internetsins opnuðust fyrir okkur nýjar víddir í ferðamöguleikum. Það var mjög forvitnilegt að vera í þessum stórborgum Evrópu um jól þar sem þeir hafa allt aðrar áherslur en við hér á Íslandi.

Birgir: Það leit út fyrir að jólskraut væri séríslenskt fyrirbæri, eða þá amerískt. Bandaríska sendiráðið í París var mjög vel skreytt og skar sig alveg úr því engin hús voru skreytt í kringum það.

Halldór: Reyndar voru helstu verslunargötur ágætlega skreyttar, eins og til dæmis í París. Sölumenn hafa greinilega uppgötvað áhrif jólskrautsins á viðskiptavinina.

Birgir: Við flugum frá Keflavík 21. desember og lentum í London um kl. 21 um kvöldið. Næsta flug var kl. 8 næsta morgun svo við vorum heila nótt á flugvellingum. Það

var mikil jólastemming þar.

Halldór: Við hittum þar tvo Íslendinga sem voru við nám á Spáni, svo við höldum nokkurs konar litlu jól á matsölu-
stað á Stansted-flugvelli. Við hlustuðum á íslensk jólalög og kláruðum að skrifa jólakortin. Það var mjög skemmtilegt.

Við messu hjá páfanum á jóladag

Birgir: Næsta morgun héldum við til Rómar. Það ein-
kennði ferðina að það var ekkert stress. Þegar við vorum lentir í Róm settumst við fyrir utan flugstöðina og veltum því fyrir okkur hvernig við ættum að komast inn í borgina.

Ferðalagið byrjaði á smávegis samgönguferfiðleikum en við vorum að prófa okkur áfram. Við fórum í strætó ásamt öðrum ferðalöngum sem höfðu aldrei komið þarna áður og þeir töluðu um að þeir ættu að fara út á næstu stoppi-
stöð því þar væri lestarstöð. Við eltum þá út en komumst þá að því að þetta var ekki stöðin þar sem við áttum að fara út. Við vissum ekkert hvar við vorum. Þegar við stóðum þarna og höldum uppi kortinu til að reyna átta okkur á því hvert við ættum að fara var leigubílstjóri fljótur að koma

okkur til aðstoðar.

Samgönguferfiðleikarnir héldu áfram og þegar leigubílstjórinn hafði skutlað okkur á réttu lestarstöðina gleymdi ég að lesa allar leiðbeiningarnar. Við áttum að taka lestina á ákveðinn stað en ég gleymdi að lesa að við áttum að taka þaðan strætó nr. 246 en ég tók ekki eftir því fyrr en daginn eftir. Þá var það náttúrliga of seint og við vorum þá búnir að ganga fram og til baka að leita að réttu götunni. Við höldum auðvitað þetta væru litlar götur eins og á Íslandi en komumst seinna að því að gatan þar sem við gistum er um 20 kílómetrar á lengd. En við fundum leigubíl og komumst á áfangastað. Þar byrjaði svo næsta ævintýri. Við komum á staðinn og það fyrsta sem við sáu var kofi og merki sem á stóð Camping Roma.

Halldór (kíminn): Við höldum að við þyrftum að tjalda úti í desember. En þetta var sem sagt í jaðri brekku svo maður sá ekkert nema þennan kofa. Þegar við gengum svo upp brekkuna blasti við nokkurs konar sumarmúsa- og hjólhýsahverfi.

Birgir: Við bjuggumst nú ekki við að þessir kofar væru það fínir að innan. En þegar við opnuðum þá heillaðist ég



Halldór og Birgir brugðu á leik með rómverskum riddurum fyrir utan Coloessum.

alveg og var mjög ánægður að eyða jólnum þarna.

Halldór: Á svæðinu var stórt hús sem var eins konar miðstöð fyrir fólkið sem dvaldi í kofunum. Þar var veitingastaður, skemmtistaður og fleira. Þetta var mjög vinalegt umhverfi.

Við komum þarna með opnum huga og kynntumst nágrönnum okkar sem voru frá Malasíu, Bandaríkjunum og

víðar að. Það myndaðist nokkurs konar fjölmenningarstemning og við fengum að kynna-
ast menningu annarra landa. Svo fengum að upplifa höfuðborgina.

Róm má alveg vera rómuð fyrir það sem hún er. Ítölsk menning er eitthvað sem maður kolfellur fyrir. Matarmenningin og borgarmenningin er alveg sérstök. Ég vona alla vega að þetta hafi verið alvöru

ítölsk menning sem við upplifðum þarna. Ítalir kunna að njóta lífsins og Róm fær háa einkunn hjá okkur. Það er svo spennandi við Róm að hún virðist halda í upprunann. Helsta ástæðan fyrir því hve snortinn maður varð af borginni er einmitt að hún er svo ósnortin af hnattvæðingunni, miðað við t.d. Dublin og London. Hugarfarið hjá okkur var bara að njóta þess að vera



Halldór á Péturstorginu í Róm.

þarna og engin stíf dagskrá sem við þurfum að fylgja.

Birgir: Við vorum samt ákveðnir að mæta í messu hjá páfanum. Það gerðum við í rigningu á jóladag á Péturstorginu í Vatikaninu. Torgið var fullt af fólki og ég þori ekki einu sinni að giska hve margir voru þar saman komnir.

Halldór: Það jók á hátíðar-blæinn að þarna var ógrynni af regnhlífum í öllum regnbogans litum. Ég hef aldrei séð eins margar regnhlífar á einum stað. Við fórum upp í turninn hjá Péturskirkjunni og þaðan er virkilega falletg útsýni.

Birgir: Það voru líka margar tröppur þar upp. Þær voru taldar og eru 350 fyrir utan fyrsta hlutann sem farinn er í lyftu. Það er fullt af byggingum sem maður þyrfti að skoða í Róm en við skoðuðum bara þær helstu.

Halldór: Vatíkanið fékk mestu athyglina hjá okkur en svo fórum við líka að skoða Colosseum. Þar brugðum við á leik með rómverskum hermönnum. Þegar við komum inn var köttur mættur á leikvöllinn. Þetta var bara venjulegur köttur en auðvitað skyldur ljónum. Við biðum spenntir eftir því að sjá hverjir kæmu á móti honum. En það kom nú enginn.

Á götumörkuðum í miðbænum er hægt er að kaupa alls kyns listvarning, matvörur og nánast hvað sem er. En þar er auðvelt að láta pretta sig. Ég var plataður á jólamarkaði. Þar ríkti sambland af tívolí- og jólastemningu og við vorum í góðu skapi. Þá kemur að okkur voða vinalegur ungur maður. Hann biður mig um að rétta fram höndina og er strax byrjaður að vefa band um fingur mér. Hann spyr hvaðan ég sé og hann þekkir Ísland og nær manni á spjall. Ég fer á fullt í landkynninguna en svo er bandið tilbúið og þá er bara rukkað fyrir það. Maður var þá ekkert spurður heldur var þetta ákveðið fyrir mig.

Birgir: Það er gott að hafa í huga að sá sem er vinalegastur og málgladaður er líklega að plata mann. Við lærðum það fljótt að versla ekki strax við sölumanninn sem er fyrstur í röðinni, því hann er líklega sá dýrasti.

Halldór: Við náðum að prúttu verðið niður í helming og það var ósvikin hamingja að hafa fengið svona gott verð. Þar til maður kom að næsta sölumanni en þar var verðið á mjög svipuðu róli og varan með helmingsafslætti hjá hinum. Að má draga af þessu lærdóm að kanna verðið á fleiri stöðum áður en maður fer að prúttu.

Líf og fjör í Dublin

Frá Róm lá leiðin til Dublin.

Halldór: Dublin fær einnig mjög háa einkunn, sérstaklega þegar horft er til mannlífs og menningar. Það fólk sem við hittum var mjög opið og vinalegt. Það voru mjög hlýlegar móttökur miðað við að vera í

stórborg.

Birgir: Það skemmdi ekki fyrir að þar er töluð enska því við vorum búnir að vera í enskusvælti allan tímann í Róm.

Halldór: Íbúarnir eru mjög glaðlyndir sem skilar sér t.d. í tónlistina hjá þeim. Við fórum á pöbb til að hlýða á írsku tónlist. Þar var mikið líf og fjör.

Birgir: Við létum bjórinn vera en fórum þó í Guinness-verksmiðju til að sjá hvernig hann er framleiddur. Eldri hluti verksmiðjunnar er nýttur fyrir safn þar sem maður getur fræðst um framleiðslu bjórsins.

Halldór: Þar er líka gott útsýni yfir borgina því verksmiðjan er á sjö hæðum. Efst uppi er útsýnisturn og þar fengum við góða yfirsýn yfir borgina.

Birgir: Við fórum um Dublin í tveggja hæða strætóum og sáum helstu kennileiti en skoðuðum þau ekkert ítarlega.

Halldór: Dublin og Róm voru þær borgir sem maður varð skotinn í. Það var eitthvað alveg sérstakt við þær.

Óeirðir við Eiffelturninn

Halldór: Í París gistum við í miðborginni rétt hjá Eiffelturninum, þar sem mesta ferðamannasvæðið er. Ég held að ég hafi aldrei séð eins marga saman komna eins og um áramótin við Eiffelturninn. Það væri gaman að fá að vita hlutföllin milli ferðamanna og innfæddra.

Birgir: Við héldum að það ætti að vera flugeldasýning þar en það var nú ekki. Við sáum þó glitta í hana annars staðar yfir borginni.

Halldór: Þetta var eins og stærsta aprílþabb. Allir voru að bíða eftir að eitthvað spennandi myndi gerast sem gerðist aldrei.

Birgir: Það gerðist það sama og alla aðra daga en á heila tímanum glitir Eiffelturninn. Þá vissum við alla-vega að klukkan var orðin tólf. Tveimur tímum seinna var svo slökkt á honum. Við héldum kannski að það hefði orðið rafmagnslaust en svo var ekki.

Halldór: En talandi um óvæntar upptakomur, þá gerðist svolítið sem maður átti ekki von á.

Birgir: Já, við sáum reyndar mikið af ljósum, bláum ljósum. Það var lögreglan að stöðva óeirðir. Strax um daginn tókum við eftir því að miðbærinn var að fyllast af lögreglu. Við héldum bara að þeir væru með mikla gæslu. Um kvöldið sáum við um sex rútur fullar af óeirðalögreglu. Við vorum reyndar ekki á þeim stað þar sem óeirðirnar brutust út heldur hinum megin við Signu. Þar hafa síðustu þrjú ár komið saman gengi til að slást á gamlárskvöld. Almennigur var sem sagt öðrum megin við Eiffelturninn og óeirðaseggirnir hinum megin.

Halldór: Það skiptist nú að

vísu ekki alveg svo jafnt. Þegar við komum á hótelið komumst við að því að tvö pör sem dvöldu á sama hóteli höfðu lent í hringiðunni.

Ég fór ekki að spá í það fyrr en seinna, að stór flugeldasýning var haldin í öðrum hluta borgarinnar, sú sem við sáum í fjarska. Mér skildist að það væri í fyrsta sinn sem sú sýning var haldin á öðrum stað en við Eiffelturninn. Kannski var meðvitað reynt að lokka mann-fjöldann frá óeirðasvæðinu. Þeir bjuggust greinilega við þessu.

Birgir: Þeir voru snöggir á staðinn enda í viðbragðsstöðu og þurfti ekki að kalla þá út.

Halldór: Við höfðum það gott hinum megin við Signu og vorum þar með vinahópi okkar frá Þýskalandi sem við hittum í París. Við buðum upp á fjölþjóðlegt súkkulaði-hlað-borð. Súkkulaðið höfðum við keypt í hverri borg á ferð okkar. Súkkulaðið sem við vorum með var allt framleitt í viðkomandi borg og hafði sín einkenni eftir því.

Birgir: Við fengum að fagna nýju ári klukkustund á undan Íslendingum heima. Við gátum því hringt í ættingjana og sagt þeim að njóta þess sem eftir væri af árinu hjá þeim.

Halldór: Í París eru glæsilegar byggingar eins og Sigurboginn og Notre Dame.

Birgir: Við fórum líka upp í Eiffelturninn og sáum yfir alla borgina. Við vorum svo heppnir að fá síðustu miðana. Það er nefnilega bara hleypst inn í hópum svo allt yfirfyllist ekki. Þeir sem voru á eftir okkur í röðinni þurftu að bíða klukkutíma í viðbót. Við komum samt snemma um morguninn og biðröðin var þá orðin löng og svo lengdist hún bara eftir því sem leið á daginn.

Halldór: Kannski þyrftu Íslendingar að fara á námskeið að standa í biðröð áður en þeir fara að ferðast um heiminn. Við fengum mikla reynslu í því að standa í biðröðum í ferðinni.

París er mjög falleg borg. Hún stendur alveg undir því vera borg rómantíkur, lista og menningar. Það kemur ekki á óvart að hún sé stærsta ferðamannaborg í heimi, eins og mér skilst að hún sé.

Það var athyglisvert að upplifa frönsk viðhorf. Þeir vilja ekki tala ensku og fleira í þeim dúr. Sölumennirnir voru einna helst til í að tala ensku og það sendir nú kannski ákveðin skilaboð. Kannski er þetta þeirra leið til að halda sinni sérstöðu, svipað og Róm. Ef enskan myndi taka völdin, þá fengi maður ekki að upplifa þessa ekta frönsku menningu.

Birgir: Víðs vegar í París selja listamenn listaverk á götunum. Mig langaði að kaupa teikningu og spurði hvort hún væri ekta. Listamaðurinn sagði svo vera og sýndi mér hvernig hann gat nuddað blýantinn til með fingrinum. Ég sannfærðist og keypti myndina. Hann rúllaði henni eldsnöggt upp og ég fór heim á hótelið hæst-

ánægður með kaupin. En þegar ég fór að skoða myndina nánar stóð aftan á henni hvar hún var prentuð. Ég reyndi að nudda blýantinn en gat það ekki. Ég hafði verið gabbður og það versta var að ég lét aftur gabbast. Það var hjá öðrum málverkasala. Ég er ekki alveg sannfærður um að seinna verkið sé ekki ekta en mjög líklega er það prentað líka. Það er eins og þeir kaupir eftirprentanir og sletti svo á þær smá málningu svo það líti út fyrir að þeir hafi gert þær, til að gabba viðskiptavininn.

Við sáum það á meðan við vorum í París að það er ólöglegt að selja svona úti á götum. Um leið og lögregla kom hlupu sölumennirnir í burtu.

Nótt í London

Halldór: Við eyddum svo einum degi í London og náðum að skoða helstu kennileiti eins og Big Ben og Augað. Við ferðuðumst í strætó um London, sem var eins konar hraðsoðin útsýnisferð.

Birgir: Við hoppuðum bara upp í næsta strætó og fórum þangað sem hann var að fara. Þetta var að nóttu til og við vorum að bíða eftir því að tími væri kominn til að fara á Stansted. Við enduðum einhvers staðar í útjaðri London án þess að hafa hugmynd um hvar við værum.

Halldór: Við stóðum í þeirri meiningu að strætisvagninn færi aftur á sama stað en vorum reknir út á þessari endastöð.

Birgir: Við stóðum þar í 5-10 mínútur í óvissu en sem betur fer fór strætóinn svo aftur af stað og til baka. Þetta var samt bráðskemmtileg ferð. Fólk sem var úti á lífinu og var á leið heim kom svo um borð og maður var orðinn að hálfgerðum mannfræðingi að fylgjast með þessu.

Halldór: Það var mjög skemmtilegt að sjá öll þessi kennileiti í London að nóttu til. Það var algerlega óundirbúið og eiginlega bara til að drepa tímann. En þannig var öll þessi ferð. Maður ákvað bara hvað gera skyldi næsta klukkutímann. Oft eru það ferðirnar sem spilaðar eru af fingrum fram sem skilja mest eftir sig. Þetta var mikil og skemmtileg reynsla. Ævintýri á hverjum degi.

– thelma@bb.is



Birgir Þór við Eiffeltturninn í París.



Séð yfir París úr Eiffeltturninum.



Útsýnið úr turni Péturskirkjunnar í Róm.



Við messu páfans á jóladag voru ógrynni af regnhlífum í öllum regnbogans litum.

Stendur að stofnun mið- fyrir sjókvíarannsóknir

Dr. Þorleifur Ágústsson er fiskalífelísfræðingur sem flutti til Ísafjarðar á liðnu sumri. Allan liðlangan daginn situr hann á skrifstofu sinni í Þróunarsetrinu við Árnagötu og vinnur að verkefnum sínum. Eitt þeirra er stofnun miðstöðvar fyrir sjókvíarannsóknir, sem nú þegar er orðin að veruleika.

Dr. Þorleifur hefur fengið fimm milljóna króna styrk frá Bygðastofnun og er þegar byrjaður að ræða við ísfrisk fyrirtæki sem getið hafa sér gott orð fyrir gerð sjókvía.

Rannsóknamiðstöðin tekur til starfa strax næsta sumar.

Svíþjóð var ekki á listanum

Þorleifur er fæddur og uppalinn á Akureyri, sonur Ágústss Dr. Þorleifssonar héraðsdýralæknis emeritus og Auðar Ólafsdóttur. Þorleifur lauk stúdentsprófi frá VMA á Akureyri og að því loknu fór hann í Háskóla Íslands að læra líffræði.

„Árið 1993 útskrifaðist ég sem líffræðingur. Þá flutti ég til Svíþjóðar og byrjaði í mastersnámi í fiskalífelísfræði. Námið var í raun skylduáfangi fyrir doktorsnám.

Það kom mér sjálfum verulega á óvart að ég færi þessa braut því það var tvennt sem ég hafði ákveðið – að búa aldrei í Svíþjóð og vinna aldrei með fisk. Þetta endaði svona bara vegna þess að ég hafði mikinn áhuga á að læra dýralífelísfræði. Ég hafði verið að vinna hjá prófessor Bjartmari Sveinbjörnssyni við rannsóknir í plöntulífelísfræði og bauðst styrkur til að fara til Alaska í mastersnám. Ég ákvað samt að fara frekar í fiskalífelísfræði, einfaldlega vegna þess að ég var hræddur um að ég myndi sjá eftir dýrunum ef ég endaði í einhverjum plöntufræðum.“

Leið eins og ég væri í verkfræði

„Ég fór svo til Svíþjóðar þá um haustið. Fyrsta árið leið mér eins og ég væri í verkfræði, var að útbúa kerfi sem þurfti að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi þrýsting og fleira til að nota í doktorsnámi-

inu. Ég einangraði ákveðna vefi úr heila fiski og reyndi að hanna kerfi utan um þá til að geta rannsakað betur hvað gerðist.

Ég vann með laxa, var að vinna við rannsóknir í hormónafræði og notaði þá sem tilraunadýr. Skoðaði til dæmis hvað gerist þegar þeir fara úr fersku vatni í sjó og öfugt. Ég var ekki að skoða atferli fiskisins sjálfs heldur var ég að rannsaka starfsemi heiladigulsins, spurði mig spurninga eins og hvað verði til þess að hin og þessi hormón eru framleidd, hvað stjórni styrk þeirra í blóðinu og þar fram eftir götunum.“

Doktorsnemi er bara doktorsnemi

„Á þessum tíma var ég svo heppinn að gegnum prófessorinn minn hitti ég prófessor Howard Bern, sem er hvorki meira né minna en faðir fiskalífelísfræðinnar. Þá var kallinn kominn um eða yfir nírrætt en samt ennþá starfandi með rannsóknastofu í Berkeleyháskóla.

Einnig fékk ég tækifæri til að vinna í Japan, tvisvar meira að segja, í tvo mánuði í hvort skipti. Það var mjög sérstakt að vinna þar, þetta þjóðfélag er svo gerólikt því sem við eigum að venjast. Ég var að vinna með einum frægasta fiskalífelísfræðingi okkar tíma en það vakti athygli mína að hann talaði aldrei nokkurn tímann við mig. Ég var bara eins og hver annar doktorsnemi í hans augum. Hann



Þorleifur ásamt fóstursyni sínum, Ísaki Róbertssyni.

talaði alltaf við sinn næsta undirmann, sem síðan framlengdi fyrirmælin eða ábendingarnar til mín. Og að sjálfsögðu mátti ég ekki svara honum eða koma með spurningar beint til hans.“

Kom beint frá dánarbeiði

„Í seinna skiptið sem ég fór til Japans fór ég að vinna með öðrum heimamanni, sem þá var aðstoðarprófessor, en hef-ur síðan hlotið skjótan frama. Þessi maður, sem heitir Sakamoto, fannst mér mjög sérkennilegur. Hann lifir algerlega fyrir vísindin. Þegar ég kom til Tókýó eftir 13 tíma flug tók ég lest til Hiroshima. Hann átti að taka á móti mér á tilteknum tíma, en þess ber að geta að Japanir eru óhemju stundvísir. Ég þurfti aftur á móti að bíða í hálf tíma. Það kom mér mjög í opna skjöldu. Þegar maðurinn kom byrjaði hann á að afsaka sig í bak og fyrir og sagði mér svo að hann hefði komið beint frá dánarbeiði föður síns, sem hafði dáið hálf tíma áður.

Ég reiknaði að sjálfsögðu með því að þurfa bara að snúa

aftur til Tókýó og fara heim. En svo var alls ekki, við fórum beint á rannsóknastofuna og fórum að vinna. Svo var unnið og unnið stanslaust í tvo mánuði. Í það heila tókum við okkur tvo daga í frí en það frí hafði ekkert með dauða föður hans að gera.

Hann tók dauðanum með mikilli ró, benti mér á að allir deyja víst einhvern tímann. Helsta vandamálið var að hann var allt í einu orðinn höfuð

fjölskyldunnar og erfði allt eftir þabba sinn, eins og siður er í Japan.

Hann bjó ennþá heima hjá foreldrum sínum en þegar pabbi hans dó var mamma hans allt í einu farin að búa inni á honum. Og það var ekki bara að forminu til, hlutverkin breyttust algerlega. Einhvern tímann í vinnunni var hann að kvarta yfir því hvað mamma hans væri farin að tala mikið í símann.“

Fiskalífelísfræðingur hjá ÍE

„Árið 2001 kláraði ég doktorsnámið og kom aftur heim til Íslands og byrjaði að vinna við rannsóknir í lyfjaerfðafræði hjá Íslenskri erfðagreiningu. Ég var þar til ársins 2003, hætti þar eins og margir aðrir við miklar breytingar hjá fyrirtækinu. Í raun fannst mér ótrúlegt hversu lengi ég entist



Þorleifur á bát í Japan.

Þstöðvar

– rætt við dr. Þorleif Ágústsson
fiskalífeðlisfræðing, sem nýfluttur er
ásamt fjölskyldu sinni vestur á firði
og þegar farinn að láta að sér kveða



Þorleifur með Howard Bern, föður fiskalífeðlisfræðinnar.

meðan verið var að segja upp fjölda fólks sem var sérmenntað í erfðafræðum mannsins.

Þegar ég hætti þar fór ég að vinna á fódurdeildinni á RALA eða Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þó að ég væri fiskalífeðlisfræðingur var gífurlega lærdómsríkt að vinna hjá RALA, sem hefur nokkuð mikið með sjávarútveg að gera. Þeir hafa lengi stundað rannsóknir á fiskimjöli, mælt alla eiginleika þess og þar fram eftir götunum. Gaman að nefna að einn fremsti fódurfræðingur landsins, dr. Bragi Línal, er Ísfríðingur.

Rannsóknir á öllu fóðri eru mjög mikilvægar í fiskeldi því helsta vandamálið þar er fódurkostnaðurinn. Hann verður að lækka ef það á að vera einhver framtíð í þessu.“

Hvert á hlutverkið að vera?

„Eftir að ég fór frá RALA yfir á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hélt ég áfram að vinna í þessu. Ég hef verið að móta ákveðna stefnu stofnunarinnar í þessum málum, hvar ætlum við að vera í þessu fiskeldi og hvert okkar hlutverk á að vera í framtíðinni.

Við erum ekki mikið í þeim geira að reyna að gera það besta úr fiskinum, sjávarútvegsfyrirtækin geta alveg séð um það sjálf. Hraðfrystihúsið – Gunnvör, svo nefnt sé dæmi, er fullfært um að gera það sjálft. Þar vita menn alveg hvaða eiginleika hráefnið þarf að hafa til að hægt sé að búa til góða vöru. Þeir þurfa ekkert að heyra það frá okkur.“

Megum ekki ala eintóma ræfla

„Við sjáum fyrir okkur að við eigum eftir að koma meira

að alls kyns rannsóknum á því til dæmis hvernig hægt er að ala upp almennilegan þorskostofn. Við megum ekki ala upp eintóma ræfla. Þar þarf ekki bara að hugsa um að ala sem stærsta fiska, heldur þurfa þeir til að mynda að vera sæmilega ónæmir gegn ýmsum sjúkdómum.

Gallinn er samt sá, að um leið og fundinn er stofn sem ónæmur er gegn ákveðnum sjúkdómum, þá er hann oft næmari fyrir öðrum. En það er verið að vinna í þessu á Íslandi og eftir tvo eða þrjá áratugi verðum við komin með mjög góðan eldisstofn.“

Einbeitem okkur að laxi og þorski

„Núna erum við að taka þátt í nýju þjóða verkefni sem heitir „Fish Welfare“. Þar er unnið að því að þróa aðferðir sem eru praktískar fyrir fiskeldismanninn sjálfan. Aðferðir fyrir menn til að komast að því hvort fiskurinn sé að alast upp við almennilegar aðstæður. Markmiðið er að sjálfsögðu að koma upp aðferðum svo menn geti séð hættumerki áður en hlutirnir fara að verða vandamál. Það gætu verið breytingar á útliti, breytingar á hegðun eða annað.

Þessu verkefni er skipt þannig að hver og einn vinnur í sínu horni að ákveðnum hluta heildarverkefnisins. Á Íslandi einbeitem við okkur að laxi og þorski og leiðum verkefnið með vísindamönnum frá Ítalíu og Spáni. Oft þurfa menn að gæta að því að vinna ekki í því sama og aðrir heldur reyna frekar að semja um einhvers konar samstarf, svo ekki séu allir að finna upp hjólið á sama tíma.“

Eins og áður hefur verið sagt frá hefur dr. Þorleifur fengið 5



Þorleifur ásamt eiginkonu sinni, Hrafnhildi Hafberg, fóstursyninum Ísaki og hundinum Sölku.

milljóna króna styrk frá Bygðastofnun til uppbyggingar rannsóknastöðvar í fiskeldisfræðum á Ísafirði og í nágrenni.

„Það hefur vantað aðstöðu til að rannsaka fisk í sjókvíum. Fáir staðir held ég að henti betur en Ísafjarðardjúp. Í samstarfi við Hraðfrystihúsið – Gunnvöru og fleiri höfum við nú þegar farið af stað að byggja upp miðstöð fyrir sjókvíarannsóknir. Nú er verið að vinna í því að bjóða út smíði rannsóknakvía og ég geri fastlega ráð fyrir því að þær verði smíðaðar hér vestra.“

Vísir að rannsóknaukhverfi

„Við ætlum að skaffa aðstöðu fyrir alla þá sem þurfa á henni að halda til rannsókna sem tengjast fiskeldi. Menn eru út um allt land og að sjálfsögðu miklu víðar að vinna saman að ýmsum tengdum hlutum og við ætlum okkur hlutverk í þessu.

Mín hugmynd er líka sú að koma á fót vísir að rannsóknasamfélagi á Ísafirði, bjóða mastersnemum í sjávarlíffræði að koma vestur og stunda sínar rannsóknir og vinna að sínum doktorsverkefnum hér. Ég held til dæmis að það yrði frábært fyrir Vestfirðinga sjálfa sem áhuga hafa á þessum málum að fá tækifæri til

að vinna að þessu í sinni heimabyggð.“

Byrja á réttum enda

„Þetta myndi ég segja að væri ágætis byrjun á háskólaumhverfi á Vestfjörðum. Ef eitthvað þessu líkt fer af stað á það eftir að hlaða utan á sig. Kosturinn við þorskeldi í þessu sambandi er tvíþættur: Greinin er mjög ung og það á eftir að rannsaka allt, en þar að auki er sjávarútvegurinn okkar mikilvægasta atvinnugrein.

Ég held að við verðum að byrja á því að sýna mönnum fram á hvað við getum gert herna fyrir vestan, hversu mikið getur komið héðan. Það er strax kominn vísir að háskóla með öllu fjarnáminu, sem virkar líka í hina áttina. Ég hef til dæmis verið að kenna háskólanemendum á Norðurlandi í vetur í gegnum fjarfundabúnað.

Þekkingin þarf að sjálfsögðu ekki bara að vera tengd sjávarútvegi, það er miklu meira í gangi herna fyrir vestan. Ég segi að við eigum að byrja á þessum enda, sýna hvað í okkur býr og þá kemur þetta smátt og smátt.“

Aðkoma atvinnulífsins lykilatriði

„Algert grundvallaratriði fyrir uppbyggingu háskólaum-

hverfis er náttúrlega að gefa atvinnulífinu kost á því að taka þátt í henni. Það er mjög mikilvægt að nú þegar skuli fyrirtæki eins og HG sýna viðleitni í þá átt, meðal annars með því að styrkja mastersnema til að koma og stunda sínar rannsóknir hjá sér. Þannig fá þeir þekkingu og neminn fær að stunda rannsóknir við raunverulegar aðstæður, í stað þess að húka á rannsóknastofu í kjallara í Reykjavík.

Hins vegar þarf stundum að sigla milli skers og báru þegar kemur að hagsmunum fyrirtækisins annars vegar og námsmati hins vegar. Oft eru menn að taka þátt í viðkvæmum verkefnum þar sem þeir eru bundnir ákveðnum trúnaði. En það er svo sem ekkert sem ekki má leysa ef viljinn er fyrir hendi.“

Endalaust sumar

– En hvers konar rannsóknir gætu verið stundaðar vestra?

„Eitt af því sem við höfðum hugsað okkur að rannsaka er hvernig hægt er að stýra, eða öllu heldur teyja, kynþroska fiska. Við ætlum að reyna að gera það með ljósi, einfaldlega láta fiskinn alltaf halda að það sé sól og sumar.

Það er vandamál í fiskeldi, og sérstaklega hvað þorsk varðar, að hann verður kynþroska of lítill. Aldur stýrir

ekki kynþroska í fiskum, heldur stærð, og þegar hann verður kynþroska hættir hann að stækka. Það hefur í för með sér lengri eldistíma og þar af leiðandi meiri kostnað.

Þessu verðum við að breyta, annars verður þetta aldrei hagkvæmt. Hugmyndin er að taka einfaldlega burtu nóttina, láta þá alltaf vera í sólarljósi. Hormónastýrt vaxtarkerfið er í botni á sumrin og þess vegna skiptir miklu máli að lengja það, eða eins og okkar hugmyndir ganga út á, láta það vera endalaust.

Það eru tvær aðrar aðferðir til að stýra kynþroska, og hvoruga þeirra viljum við nokkuð eiga með. Önnur er sú að gera fiskinn geldan. Hin er sú að meðhöndla þetta með hormónum, en menn eru ekkert hrifnir af því að fara út í búð og kaupa sér hormónamedhöndlaðan fisk.“

Rannsóknir hefjast í sumar

„Þessi rannsóknastöð er ekki lengur á teikniborðinu, þetta er komið af stað. Við erum búnir að fá fimm milljónir frá Bygðastofnun sem er alger forsenda þess að þetta sé hægt. Við förum strax í minni rannsóknir í sumar og svo á þetta bara eftir að vaxa þaðan af.“

– halfdan@bb.is

Smáauglýsingar

Til sölu er Musso, turbo dísel, árg. 98, ekinn aðeins 118 þús. km. Sjálfskiptur, 33" sumar- og vetrardekk, álfelgur, ljóskastarar og dráttarkúla. Verð 1.350 þús. Uppl. í síma 849 9451.

Óska eftir snjóbretti með bind- ingum fyrir 11-12 ára sem er 150 cm á hæð. Uppl. í sínum 895 4680 og 868 2664.

Til sölu er 2ja manna fisflugvél. Hægt er að leggja vængi aftur. Veð með farin og í toppstandi. Uppl. í sínum 822 1648 og 894 4557 eða á hans@internet.is

Óska eftir sparneytnum bíl að verðmæti 50-70 þús. kr. Uppl. í síma 456 7577 og 845 5504.

Þorablot Hnífsdælinga verður haldið laugardaginn 5. febrúar. Miðapantanir hjá Grétu í síma 899 3628. Kvenfélagið Hvót.

Til sölu er Ford Bronco árg. 88. Uppl. í síma 893 4711.

Teka að mér barnapössun á kvöld- in. Helst í Holtahverfi. Uppl. í síma 456 3135 (Bára).

Óska eftir 3ja-4ra herb. íbúð til leigu. Uppl. í síma 848 0928.

Til sölu er Ford Econoline árg. 89. Uppl. í síma 899 0715.

Til sölu er 125 m² íbúð á tveim- ur hæðum í miðbæ Ísafjarðar. Íbúðin er með suður- og norð- ursvalir. Uppl. í síma 456 5050.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 99, sjálfskiptur. Ahvílandi bíla- lán. Uppl. í síma 456 5050.

Tapast hefur hetta með loðkanti af úlpu. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 456 4700 eða 690 2250.

3X-Stál sýn- ir í Brussel

Tæknifyrirtækið 3X-Stál á Ísafirði verður meðal þátttak- enda á alþjóðlegu sjávarút- vegssýningunni í Brussel en hún verður haldin dagana 26- 28 apríl. Þetta er í fimmta sinn sem 3X-Stál tekur þátt í sýn- ingunni.

„Þessi sýning er okkur mik- ilvæg og höfum við verið afar ánægðir með árangur síðustu sýninga. Það sem við munum leggja áherslu á núna eru þau karakerfi sem við höfum verið að þróa síðustu árin en þau hafa sýnt og sannað kosti sína í fiskvinnslum bæði hér heima sem og erlendis undanfarin ár“, segir í frétt á vef 3X-Stáls.

Ísfirðingur Sólveig Samúelsdóttir, mezzósópran

Í sólóhlutverki hjá Sin- fóníuhljómsveit Íslands

Hin ísfirsa Sólveig Samú- elsdóttir, mezzósópran, kom fram í sólóhlutverki með Sin- fóníuhljómsveit Íslands á fimmtudagskvöld í síðustu viku auk Hafðísar Vigfúsdótt- ur flautuleikara. Þær eru báðar við nám í tónlistardeild Lista- háskóla Íslands og voru valdar í sérstakri samkeppni sem fór fram vorið 2004 en Sinfóníu- hljómsveit Íslands hefur um það samvinnu við Listahá- skóla Íslands að gefa framúr- skarandi nemendum tækifæri til að koma fram í sólóhlut- verki með hljómsveitinni á op- inberum tónleikum. Fyrir ætt- fræðipyrsta má geta þess að faðir Sólveigar er Samúel Jón Samúelsson, en hann var fæddur og uppalinn á Ísafirði og um árábil læknir á Fjórð-



Sólveig Samúelsdóttir. ungssjúkrahúsínu. Sólveig Samúelsdóttir stundaði píanónám frá tíu ára aldri hjá Sigríði Ragnarsdóttur við Tónlistarskólann á Ísafirði og söng jafnframt með kór skólans. Hún náði fljótt mjög góðum árangri á píanó og hlaut

fyrir hann aðalverðlaun Tón- listarskólans á Ísafirði vorið 1988. Á þessum árum var ekki boðið upp á söngnám í skólan- um, en Sólveig söng í barna- kórnum og tók m.a. þátt í minnisstæðri uppfærslu á barnaóperunni „Eldmærin“ vorið 1988. Sólveig var 16 ára gömul er hún flutti frá Ísafirði til Reykjavíkur og hélt þá áfram píanónámi en tók sér síðan stutt hlé frá tónlistinni áður en hún hellti sér út í söng- nám með þessum glæsilega árangri.

Þess má til gamans bæta við að Samúel Samúelsson, forspraki hljómsveitarinnar Jagúar og einn helsti djassút- setjari landsins er bróðir Sól- veigar og hóf tónlistarnám sitt einnig í TÍ. – thelma@bb.is

Sólrisuhátíð Menntaskólans

Mótun dagskr- ár langt komin

Undirbúningur sólrisuhá- tíðar Menntaskólans á Ísa- firði er langt kominn, en há- tíðin hefst í lok febrúar. Að- spurður segir Ársæll Níels- son, menningarviti Nem- endafélags skólans og for- maður sólrisunefndar, að mótun dagskráarinnar gangi vel.

„Meðal helstu viðburða á hátíðinni má nefna rokkspú með hljómsveitunum Brain police og The nine elevens í Edinborgarhúsinu, dinner- tónleika sem haldnir verða í samvinnu við SKG-veitingar þar sem Ragnheiður Gröndal kemur að líkindum fram, og fimm sýningar af Þar sem djöflaeyjan rís í uppfærslu leikfélags Menntaskólans. Þá

heldur tölvuklúbburinn Hannibal að öllum líkindum LAN-mót í tengslum við hátíðina“, segir Ársæll.

„Haldin verður eins dags íþróttahátíð þar sem nem- endur keppa sín á milli og verið er að spá í óformlegum skíðadegi, þó að tíðin í augnablikinu gefi ekki til- efni til bjartsýni í þeim efnum. Ekki má gleyma út- varpstöðinni MÍ-flugan, hinu daglega eitthvað og bíósýningum í Gamla apó- tekinu. Þá kemur miðill til okkar og boðið verður upp á hádegisviðburði og gjörn- inga“, segir Ársæll Níelsson, menningarviti og formaður sólrisunefndar.

– halfdan@bb.is

Bílapartasala á Garðstöðum í Ögursveit í Ísafjarðardjúpi

Ekki tekin afstaða til beiðni um starfsleyfi

Byggingarnefnd Súðavíkur- hrepps getur ekki tekið afstöðu til beiðni um starfsleyfi fyrir bílapartasölu á jörðinni Garð- stöðum í Ögursveit fyrr en nýtt deiliskipulag liggur fyrir á jörðinni. Þorbjörn Steingrím- son hefur óskað eftir starfsleyfi fyrir bílapartasölu á jörðinni. Þorbjörn er sem kunnugt er afkastamikill bílasafnari og hefur á undanförunum árum flutt hundruð bifreiða til Garð- staða og hefur bílasafnið þar ekki farið framhjá þeim er leið eiga um Ísafjarðardjúp hvort sem farið er um loft, láð eða lög. . Nefndin tók beiðnina fyrir á fundi í síðustu viku og treysti hún sér ekki til að taka afstöðu til beiðninnar fyrr en deili-

skipulagi jarðarinnar hefur verið breytt. Í bókun nefndar- innar segir: „Í aðalskipulagi Súðavíkur- hrepps er ekki er gert ráð fyrir að bújörðin Garðstaðir sé nýtt fyrir bílapartasölu. Til þess að hægt sé að veita leyfi til starf- rækslu bílapartasölu á jörðinni þarf að fara fram breyting á aðalskipulagi og gerð deili- skipulags. Ef sveitarstjórn hef- ur í huga að veita, fyrir sitt leyti, leyfi til starfrækslu bíla- partasölu á þessu svæði, beinir umhverfis- og byggingarnefnd því til hennar að hún láti vinna deiliskipulag af svæðinu/jörð- inni. Mögulegt er að landeig- andi láti vinna slíkt deiliskipu- lag á sinn kostnað og leggi fyrir sveitarstjórn til samþykktar.“



Eins og sjá má á myndinni er mikið bílasafn á Garðsstöðum í Ögursveit.

STAKKUR SKRIFAR

Háskóli á villigötum?

Það má öllum ljóst vera að eitt af sóknarfærum Vestfirðinga úr þeirri stöðu að íbúum fækki og störfum sömuleiðis kann að vera fylgið í aukinni menntun íbú- anna og jafnframt því að skapa færi á því að hún verði sótt innan fjórðungs. Ánægjulegt er að vita til þess að nemendum Menntaskólans á Ísafirði fjölgar og er það vel. Til þess liggja margar ástæður. Væntanlega er sú veigamesta að skólinn hefur á starfstíma sínum unnið sér nafn í hugum fólks. Hitt kann einnig að hafa áhrif að tækifæri ungs fólks til atvinnu og mikillar tekjuöflunar hafa minnkað á síðasta einum og hálfum áratug. Sjávarútvegur og fiskvinnsla kallar ekki á ung- menni með sama hætti og fyrr. Menntaskólinn er því góður kostur eins og góð menntun ávallt er. Margt hefur verið rætt um háskólanám á Vestfjörðum. Þeir sem vilja ganga lengst telja ekkert annað duga en Háskóla Vestfjarða. Sú hugmynd kann að reynast óhagkvæm og vart við því að búast að hún hljóti pólitískt braut- argengi. Hún er á hinn bóginn í samræmi við þekktan stórhug Vestfirðinga Reyndar er mikil bjartsýni að setla að sérstakur háskóli verði settur á stofn hér á Vestfjörðum. Til þess liggja margar ástæður. Ein þeirra er sú, að íbúar á Vestfjörðum eru of fáir og dreifðir til þess að réttlæta mikil fjárlát úr ríkissjóði í þessu skyni. Samkeppni um skattfé almennings er mjög mikil og verður það áfram. Nægir að nefna önnur rök, þau að upp verða tekin skólagjöld í sameinuðum Tækniháskóla og Háskólanum í Reykjavík. Enn sem komið er virðast ekki líkur á því skólagjöld verði tekin upp í Háskóla Íslands. En nám í háskóla er kostnaðarsamt og þeim mun vaxa fylgi á næstu árum, sem telja eðlilegt að þeir sem njóti greiði meira úr eigin

vasa. Í þessum efnum hafa gömul vígi látið undan í Þýskalandi, en Stjórnlagadómstóll ríkisins leyfði nýverið hérðasstjórnnum, sem reka háskólana þar í landi, að heimta skólagjöld af nemendum sínum.

Auðvitað hljómar þetta eins og miklar úrtölur, en staðreyndin er sú, að háskóli á Vestfjörðum er ekki á dagskrá ríkisstjórnar og menntamálaráðherra. Því má svo við bæta að skóli á háskólastigi verður að ná ákveðinni stærð til þess að geta staðið und- ir kröfum um vísindalegt háskólanám. Það er enda markviss stefna ríkisstjórnar að sameina litla skóla í stærri, samanber Landbúnaðarháskólann, sem varð til úr Garð- yrkjuskólanum í Hveragerði, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Rannsóknar- stofnun landbúnaðarins. Landbúnaðarháskólinn á Hólum lifir þótt lítill sé, en hann heyrir einnig undir landbúnaðarráðuneytið. Forvitnilegt verður að fylgjast með framtíð hans.

Unnið hefur verið af skynsemi að því að efla kosti fjarnáms á háskólastigi á Ísa- firði og í nýrri fjarskiptatækni felast ýmsir möguleikar til frekari eflingar. Netið er þar höfuðkosturinn og ber að stefna að því að nýta það til hins ýtrasta til eflingar fjarnáms bæði um fjarfundarbúnað og einnig til samskipta sem ekki krefjast við- bragða strax. Ef til vill er hinn ófyrstignanlegi hemill á stofnum háskóla hér, ekki eingöngu fámenni og dreif byggð, sem þýðir lítill upptökuhúpur nemenda heldur hitt að nemendur vilja alla jafna stunda nám í þokkalega stórum háskóla og njóta kosta hans og geta átt samskipti í eigin persónu við aðra. Sá kostur er ekki í sjónmáli fremur en fé til háskóla. Svo einfalt er það.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

Kristján Haraldsson, framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða hf.

„Mikil hækkun á raforkukostnaði í dreifbýli þurfti ekki að koma neinum á óvart“

Kristján Haraldsson orkubússtjóri segir að sú mikla hækkun sem varð á raforku til húshitunar hafi ekki þurft að koma neinum á óvart. Hann segir að tekjur Orkubúsins aukist lítillega umfram verðlagshækkunir samkvæmt nýrri gjaldskrá fyrirtækisins. Þá segir hann að Orkubúið hafi viljað hafa dreifigjaldskrá sína í dreifbýli lægri en til þess hafi ekki fengist heimild.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðgjafi flutti í síðustu

viku skýrslu á Alþingi um framkvæmd nýrra orkulaga þar sem hún sagði m.a.: „Að settum tekjumörkum hafa fyrirtækin verið að setja sér gjaldskrár. Eins og vera ber rúmast þær innan hinna settu tekjumarkna og sum fyrirtækjanna, RARIK, Orkubú Vestfjarða og Orkuveita Húsavíkur nýta þessi tekjumörk ekki að fullu, en aðrir þar með Landsnet nýta tekjumörkin því sem næst til fulls. Alþingi setti varfærnisleg mörk hvert arðsviðmiðið

við setningu tekjumarkanna ætti að vera. Engu að síður er þetta viðmið herra en sá arður sem fyrirtækin hafa almennt haft, enda hafa sum þeirra beinlínis verið rekin með tapi. Fyrirtækin eru nú að nýta tækifærið og auka arðsemi sína úr því að það rúmast innan tekjumarkanna. Þetta atriði eitt er stærsta skýringin á því að verð á rafmagni virðist nú vera að hækka nokkuð umfram almennt verðlag.“

Kristján segir að verið sé að

auka tekjur Orkubús Vestfjarða um 4-5% með hinni nýju gjaldskrá sem kynnt var fyrir skömmu og sú hækkun sé lítils háttar hærri en verðlagshækkunir. Það sé þó ekki rétt að það sé stærsta skýringin á þeim miklu hækkunum sem verið hafi í umræðunni undanfarna daga. Hann segist hafa bent á það við undirbúning nýrra raforkulaga að þau myndu hækka húshitunarkostnað mikið í dreifbýli. „Þær miklu hækkunir sem við stöndum nú



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða.

frammi fyrir vegna raforku til húshitunar í dreifbýli þurftu því ekki að koma neinum á óvart. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að Orkubú Vestfjarða vildi hafa gjaldskrá sína

fyrir dreifingu raforku í dreifbýli lægri en það fékkst því miður ekki heimild til þess. Það var ákvörðun stjórnvalda“, segir Kristján.

– [hj@bb.is](#)



Bensínstöð Atlantsólú verður skammt frá verslun Bónus á Skeiði.

Ný bensínstöð Atlantsólú á Skeiði á Ísafirði

Styttist í framkvæmdir

Óðum styttest í að framkvæmdir hefjist við byggingu bensínstöðvar Atlantsólú á Skeiði á Ísafirði. Sem kunnugt er fékk fyrirtækið úthlutað lóð þar fyrir nokkru síðan. Geir Sæmundsson framkvæmdastjóri Atlantsólú segir að í

þessari viku opni ný stöð félagsins við Sprengisand í Reykjavík.

„Þegar þeirri framkvæmd lýkur verður tekið til við næstu stöð félagsins sem verður á Ísafirði. Við vinnum með eitt teymi við þessa vinnu og

vonandi kemst okkar fólk á fullt í undirbúning framkvæmda á Ísafirði þegar stöðin á Sprengisandi opnar. Þá verður farið í að semja við verktaka og síðan geta framkvæmdir hafist. Verktíminn sjálfur á ekki að þurfa að vera langur

en það er of snemmt að spá í það hvenær við getum opnað fyrir vestan. Við munum hins vegar gera það eins fljótt og hægt er“, segir Geir Sæmundsson, framkvæmdastjóri Atlantsólú.

– [hj@bb.is](#)

Sala sólarlandaferða fer vel af stað

Sala sólarlandaferða hefur farið vel af stað á Ísafirði og virðast margir Vestfirðingar vera heitir fyrir ströndum Spánar. Fjöldi fólks hefur bókad sig í ferðir til Costa del Sol og á nýjan áfangastað Heimsferða, Castle beach.

„Það er töluvert mikið bókad þangað. Salan finnst mér hafa farið ágætlega af stað, helst er fólk að fara til Spánar en borgarferðir eru líka alltaf vinsælar“, segir Kristín Karlsdóttir, starfsmaður ISO-ferða á Ísafirði. – [halfdan@bb.is](#)

● **Sælkeri vikunnar** • Már Óskarsson á Ísafirði

Sunnudagsfiskibollur með rjóma

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á sunnudagsfiskibollur með rjóma. Már segir þær vera ótrúlega góðar og fljótlegt að elda þær. Hann mælir með því að bera þær fram soðnum kartöflum og bræddu smjöri með söxuðum lauk sem kraumað hefur í smjöri í u.þ.b 10 mínútur. Uppskriftin er fyrir fjóra til fimm manns.

Sunnudagsfiskibollur með rjóma

1 kg ýsuflök
3 eggjahvítur
3-4 dl rjómi
1 tsk. salt
pipar á hnífsoddi
2 l fiskisoð (vatn + fiskiteningur)

Aðferð:

Hakkið flökin vel. Blandið

eggjahvítunum rólega saman við, hrærið vel á milli. Því næst er rjómanum blandað saman við og svo salti og pipar. Suðan er látin koma upp í soðinu og farsíð mótað í bollur með skeið. Svo eru bollurnar settar varlega í soðið og látið sjóða í um það bil 8 mín.

Ég sári hafsögumanninn og kokkinn Jónas Finnbogason að koma með eina góða.



LEIKSKÓLASTJÓRI Á BAKKASKJÓLI

Staða leikskólastjóra við leikskólann Bakkaskjól í Hnífsdal er laus frá og með 1. apríl 2005. Skólinn vinnur eftir aðalnámskrá leikskóla og er með börn á aldrinum eins til sex ára. Leitað er eftir faglegum stjórnanda til að leiða áframhaldandi starf skólans. Leikskólakennaramenntun skilýrði.

Umsóknir berist til: Leikskólafulltrúa Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Umsóknarfrestur er til 25. febrúar 2005. Nánari upplýsingar veitir leikskólafulltrúi í síma 450 8001, netfang: leikskolafulltrui@isafjordur.is

Íþróttamiðstöðin Árbær í Bolungarvík

Fær hjartastuðtæki til endurlífgunar að gjöf

Íþróttamiðstöðin Árbær í Bolungarvík fékk forlata hjartastuðtæki til endurlífgunar að gjöf í síðustu viku. Að gjöfinni stendur kvennadeild slysavarnafélagsins Landsbjargar í Bolungarvík og er verðmæti hennar um 260 þúsund krónur. Að sögn Gunnars Hallssonar, forstöðumanns Árbæjar, hefur að undanförmu verið unnið markvisst að því að bæta öryggisþætti miðstöðvarinnar.

„Kvennadeildin hefur sýnt þessu starfi okkar mikinn áhuga og gaf okkur fullkominn öryggiseftirlitsbúnað fyrir nokkrum árum sem auðveldað hefur allt eftirlit. Nú fáum við þetta tæki og erum að því að ég best veit eina íþróttamiðstöðin á Vestfjörðum sem hefur yfir slíku að ráða“, segir Gunnar.

„Hjartastuðaðferð hefur hingað til að mestu verið notuð inni á sjúkrahúsum, en nú er komið á markað þetta tæki sem setja má í íþróttahús og skip svo dæmi sé tekið. Tækið er



Gunnar Hallson tekur við tækinu úr hendi Sólrunar Geirsdóttur.

mjög einfalt í notkun og leiðir þann sem það notar í gegnum allt ferlið. Fyrir það fyrsta greinir tækið sjálft stöðu hins slasaða og veitir ekki rafstuð

nema þörf sé á. Ef þörf er á endurlífgun, leiðir tækið notandann í gegnum hjartanudd og allt endurlífgunarferlið með tali og textaskipunum.“

Það var Sólrun Geirsdóttir sem afhenti Gunnari tækið. Þá var starfsmönnum kynnt tækið áður en allir viðstaddir gæddu sér á sólarþönnukökum.



Herrar buðu dömum á rósarballið

Svokallað rósarball var haldið í Grunnskólanum á Ísafirði á föstudagskvöld en það er orðinn árviss viðburður hjá eldri nemendum skólans. Ballið er stefnu-mótball og tíðkast þá að herrar bjóði dömum á dansleikinn.

„Sumir jafnvel bjóða dömum sínum út að borða áður og eru flottir á því. Fyrir þá sem ekki þorðu að bjóða dömum voru nöfn þeirra sem vildu sett í pott og dregin saman pör“, segir Erik Newman, starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar á Ísafirði. Fjáröflunarnefnd 10. bekkjar stendur fyrir ballinu en ágóði af því er nýttur í skólaferðalag að vori.

– thelma@bb.is

Tryggðu þér bestu kjörin og bókaðu strax á netinu

Njóttu sólar í sumar

Salan er hafin

Betri ferðir - betra frí

Feneyska Rivieran

nýjung

Portoroz

nýjung

Costa del Sol

Vísulegt flug í allt sumar

Krít

Mallorca

Portúgal

Benidorm/Albir

Tyrkland

Landsbyggðartelkurinn

Elan heppinn viðskiptavinnur sem bókar og staðfestir ferð á netinu fyrir 1. mars 2005 getur unnið 100.000 kr. ferðavinning sem nýttist upp í ferðina. Bókada ferða versló okkar á netinu!

Skráðu þig í netklúbbinn - það borgar sig

Þú skráir þig í netklúbbinn á heimasíðu okkar www.urvalutsyn.is og færð sender upplýsingar um tilboð og fleira beint í tölvuna þína. Frábær tilboð sem einangis eru auglýst á heimasíðunni og í netklúbbum.



www.urvalutsyn.is

Einfalt, þægilegt, ódýrast og alltaf opið!

www.urvalutsyn.is

Hugmyndir starfshóps Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra

Ekki gert ráð fyrir sjálfstæð- um háskóla á Vestfjörðum

Í hugmyndum sem starfshópur menntamálaráðherra hefur kynnt að undanförunni verður ekki séð að gert sé ráð fyrir stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Þekkingarsetri Vestfjarða virðist ætlað að vera nokkurs konar tengiliður við aðra háskóla og sinna því að sumu leyti hlíðstæðu hlutverki og Fræðslumiðstöð Vestfjarða sinnir í dag. Í hugmyndunum er gert ráð fyrir ráðningu eins starfsmanns. Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum og því geta hugmyndir hans átt eftir að breytast. Hugsanleg stofnun háskóla á Vestfjörðum komst heldur betur í sviðsljósið í fyrir stuttu þegar Ólína Þorvarðardóttir skólameistari Menntaskólans á Ísafirði ritaði grein á bb.is þar sem hún gerði athugasemdir við undirbúning málsins og þær tillögur sem verkefnisstjórn starfshóps menntamálaráðherra kynnti fyrir stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og fleirum á dögum.

Í grein sinni líkir Ólína af-rakstri undirbúningsvinnunnar við niðurlægingu og segir að í tillögum starfshópsins sé byrjað á vitlausum enda. Þar sé gert ráð fyrir að þekkingarumhverfið og rannsóknarstarfið eigi að koma fyrst og svo megi athuga með kennsluþáttinn síðar. Hún telur hinsvegar hæpið að það þekkingarsamfélag sem hér er þegar til staðar þróist frekar „nema til komi hinn nærandi þáttur háskóla-kennslunnar, þ.e. hinnar staðbundnu háskóla-kennslu sem heimamenn hafa svo ákafat kallað eftir“ eins og segir orðrétt í grein Ólínur.

Starfshópurinn hefur svarað Ólínu í grein á bb.is þar sem hún er sögð draga ófímabærar ályktanir af þeim hugmyndum sem kynntar voru stjórn Fræðslumiðstöðvar. En hverjar voru raunverulega þær tillögur sem kynntar voru stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar. Í upphafi greinargerðarinnar segir: „Þekkingarsetur er samstarfs-vettvangur um háskóla-menntun, símenntun og rannsóknir. Aðild að þekkingarsetrinu munu eiga háskólar sem munu bjóða þar fjárnám og staðbundni nám, Fræðslumiðstöð Vestfjarða sem mun sinna símenntun og þjónustu vegna háskólanáms og rannsóknar- og þjónustustofnana“.

Eins og fram hefur komið mun aðild Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða að hinu vantanlega þekkingarsetri vera skilyrðum háð. Þá virðist ljóst af þessum

upphafsorðum að þekkingarsetrinu er ekki ætlað að starfa sem sjálfstæð háskólastofnun heldur vera samstarfs-vettvangur þar sem aðrir háskólar í landinu bjóða kennslu sína. Sú ætlan er undirstrikuð í næstu setningu. Þar segir: „Gert er ráð fyrir að þekkingarsetur Vestfjarða verði sjálfstæð eining sem gerir samstarfssamninga við háskólastofnanir innan lands sem utan sem stuðla að auknu námsframboði á Vestfjörðum og stuðlar að rannsóknum sem byggja á sérstöðu Vestfjarða.“

Í upptalningu um hlutverk þekkingarseturs Vestfjarða í hugmyndum starfshópsins er þetta tengiliðahlutverk undirstrikað. Þar segir m.a.: „Að vera tengiliður Vestfirðinga við háskóla og rannsóknarstofnanir innan lands sem utan. Að stuðla að auknu framboði af háskólanámi á svæðinu. Að stuðla að því að háskólar veiti góða þjónustu í formi fjárkennslu og staðbundinnar kennslu til og frá Ísafirði. Að stuðla að samvinnu rannsóknarstofnana um rannsóknir á Vestfjörðum sem nýta sér sérstöðu svæðisins.“

Þegar nefnd eru helstu verkefni vantanlegs þekkingarseturs er m.a. nefnt: „Hafa framkvæði að rannsóknarverkefnum á Vestfjörðum og samstarfi háskóla- og rannsóknastofnana þar um. Hafa milligöngu um öflun styrkja og fjármögnun rannsóknar- og nýsköpunarverkefna. Gera samstarfssamninga við háskóla um þjónustu við nemendur á Vestfjörðum. Hafa milligöngu um samstarf þeirra aðila sem starfa á Vestfjörðum og búa yfir sérþekkingu sem nýst getur háskólastofnunum innan lands sem utan. Gera samning við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um að sjá um þjónustu við háskólanema.“

Í hugmyndum starfshópsins er sagt að aðild að þekkingarsetrinu geti hlotið „stofnanir, félög og fyrirtæki sem í rekstri sínum fást við rannsóknir, fræðslu, þróunarstarf og annað sem lýtur að meðhöndlun þekkingar á einn eða annan hátt“ og meðal þeirra sem lýst hafa vilja til að standa að stofnun þekkingarsetursins eru nefndir Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands. Þá er nefnt að aðrir háskólastofnanir geti orðið stofnaðilar með samstarfssamningi sem gerður verði fyrir stofnun þekkingarseturs Vestfjarða.

Þá er í hugmyndum starfs-

hópsins nefnt að laun framkvæmdastjóra verði áætluð 6 milljónir króna, samstarfssamningur vegna þjónustu Fræðslumiðstöðvar verði 10 milljónir króna og í markmiðssetningu og sérverkefni eru áætlaðar 4 milljónir króna.

Af þessari upptalningu úr hugmyndum starfshóps menntamálaráðherra er augljóst að ekki eru uppi hugmyndir um stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum eins og hefur verið draumur margra. Slíkir háskólar eru nú nú talsins á landinu. Utan Reykjavíkur eru sjálfstæðir háskólar á Bifröst, Hvanneyri, Hólum og á Akureyri. Þekkingarsetrinu virðist ætlað að vera nokkurskonar umboðsaðili eða tengiliður við aðra starfandi háskóla í landinu sem koma vilja að stofnun setursins. Þá er erfið fyrir leikmann að sjá í raun hver raunverulegur munur á að vera á starfsemi vantanlegs þekkingarseturs og núverandi starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og Þróunarseturs Vestfjarða.

Eins og áður sagði eru starfandi nú háskólar á Íslandi og þeir keppa um hylli nemenda. Þar er mikil samkeppni í gangi. Aðild sumra þeirra að starfi fyrirhugaðs þekkingarseturs Vestfjarða skapar ýmsar spurningar í hugum þeirra sem stofna vilja sjálfstæðan háskóla á Vestfjörðum. Þar benda ýmsir á yfirlýsingu Ólafs Proppé rektors Kennaraháskóla Íslands fyrir rímu einu ári síðan í framhaldi af tillögu nokkurra þingmanna um stofnun háskóla á Vestfjörðum. Þá sagði Ólafur í fjölmiðlum að það væri hrein fásinna að stofna háskóla á Vestfjörðum. Slík stofnun væri dauðadæmd í svo litlu samfélagi. Í fréttatilkynningu menntamálaráðuneytisins sem birt var þegar starfshópurinn var skipaður er heldur ekki gert ráð fyrir sjálfstæðri háskóla-kennslu því í tilkynningunni segir m.a.: „Gengið er út frá því að allt nám í boði verði á ábyrgð vinkennndra háskóla og að þeir eigi jafnframt beina aðild að stjórn þekkingarsetursins.“

Gangi núverandi hugmyndir starfshópsins eftir verður því bið á því að stofnaður verði háskóli á Vestfjörðum eins og hefur verið draumur margra. Má þar nefna þann gjörning þegar ungt fólk „stofnaði“ Háskóla Vestfjarða í sumar á Silfurtorgi. Í yfirlýsingu sem þá var samþykkt sagði m.a.: „Háskóli Vestfjarða mun taka til starfa innan skamms því íbúar



Frá fyrstu kennslustund í Háskóla Vestfjarða sem „stofnaður“ var á Ísafirði í sumar.

fjórðungsins hafa sýnt kjark með því að lýsa hugmyndinni og hafa uppskorið stuðning úr mörgum áttum. Stofnunin verður til heilla fyrir land og

lýð enda munu Vestfirðingar hlúa vel að óskabarni sínu og stýra af metnaði.“

Rétt er að ítreka að starfshópur menntamálaráðherra

hefur ekki lokið störfum. Því geta hugmyndir hópsins sem hér hafa verið kynntar átt eftir að taka breytingum.

– hj@bb.is

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

3ja herbergja íbúðir:
Sundstræti 34: nýleg 3ja herbergja íbúð með sérinngang á jarðhæð í nýrppengnu fjölbýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.
Pölgata 4: 76 m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi. Verð 2,7 m.kr.
Atvinnuhúsnæði:
Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í tullum rekstri, ásamt innréttingum, tekjumog áhliðum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast.
Núðssofa:

Sölubæðstofa með cekurastöðu, leigubæðstofa í kjallarað Tungöta 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvo stratareki, sögðaruddtæki, Turbo ljósa- bekkur o.fl. Tilboð óskast.
Nýjar íbúðir við Skógarbraut

Allar íbúðir sklast fullmálaðar án gólfefna og innréttinga. Hægt er að kaupa 38m² bílgæmslu með íbúð. Verð 2,5 m.kr.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1, Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: sg@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishúsráðhúsi:
Bakkavegur 8: 182 m² steinsteypt einbýlishús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.
Sundstræti 39: 227,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og nýjum bílskúr. Mikild uppgert. Verð 12,0 m.kr.
Garðavegur 1: 97 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð ásamt 44 m² bílskúr, mikild endurnýjað. Verð 7,9 m.kr.
Hrannargata 8A og 8B: 78 m² einbýli á 2 hæðum ásamt 46 m² viðbyggingu. Verð 6,3 m.kr.
4-6 herbergja íbúðir:
Aðalstræti 25a: 108 m² 4ja herb. íbúð á tveimur hæðum í miðbærum. Verð 5,9 m.kr.
Stórholt 13: 103 m² 4ra herb. íbúð á 3.h. ásamt 21 m² bílskúr og geymslu. Tilboð óskast.
Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í trébylishúsi ásamt bílgæmslu. Tilboð óskast.
3ja herbergja íbúðir:
Stórholt 9: 80 m² íbúð á 3.hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð 4,8 m.kr.
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að taka bíl uppí. Áh. ca. 3 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

Skógarbraut 3 - íbúð 101:
127,7 m² 3ja herb. íbúð með sérinngangi á neðri hæð. Verð 10,3 m.kr.
Skógarbraut 3 - íbúð 102: 93 m² 2ja herb. íbúð með sérinngangi á neðri hæð. Verð 8,5 m.kr.
Skógarbraut 3 - íbúð 201:
151,8 m² 4ja herb. íbúð með geymslu, baðstofulofti á efri hæð. Verð 10,7 m.kr.
Skógarbraut 3A - íbúð 103:
133 m² stór 3ja herb. íbúð á neðri hæð í fjörfylli. Verð 10,5 m.kr.
Skógarbraut 3A - íbúð 104:
114,8 m² 3ja herb. íbúð á neðri hæð með saunaklefa og sérinngangi. Verð 9,5 m.kr.
Skógarbraut 3A - íbúð 203:
153,5 m² 4ja herb. íbúð á efri hæð með baðstofulofti. Verð 11,5 m.kr.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is



Vel heppnað Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík

Forseti Íslands meðal 800 gesta á Broadway

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var á meðal um 800 gesta á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins sem haldið var á Broadway á Hótel Íslandi á föstudagskvöld. Í ár er þess minnst að 60 ár eru liðin frá stofnun Ísfirðingafélagsins. Veitingar voru með hefðbundnum hætti á Sólarkaffinu en skemmtidagsskráin óvenju vönduð. Hjálmar H. Ragnarsson flutti hátíðarræðu kvöldsins og lagði hann út af ritgerð sem hann samdi í Gagnfræðaskólanum um þróun byggðar á Ísafirði. Meðal skemmtiatriða var söngur stúlkna úr Silfur götu 7. Eru þær frænkur Ingibjargar Guðmundsdóttur sem söng meðal annarra stórsöngvara með hljómsveitinni B.G. Þá var Guðfinnur Kjartansson



stjórnarmaður í Ísfirðingafélaginu um árabíl útnefndur heiðursfélagi. Ólafur Ragnar Grímsson flutti ávarp og fór á kostum að sögn viðstaddra.

Rifjaði hann upp eftirminnilega atburði úr æsku og gerði ekki síst mikið grín að sjálfum sér. Að loknum skemmtiatriðum lék hljómsveit B.G. fyrir

dansi. Meðfylgjandi myndir frá Sólarkaffinu tóku hjónin Fríða Albertsdóttir og Hörður Kristjánsson.
– *hj@bb.is*



Tilboðin gilda frá föstudag 3. feb. til sunnudag 6. feb. eða meðan löngin endast

Lambasaltkjöt

UNIKERT
BILUÐ!

50%
afsláttur



69



30%
afsláttur

564



249

spikfeitt*blandað*úrvals

I. flokks
saltkjöt

499



129

Beyglur með bragði

129



499

Forskot á sæluna!



299



129



98



14
vatnudeisefiskollur

249

mannlífíð

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn 2. febrúar,
33. dagur ársins 2005


Pennan dag árið 1883 féll snjóflóð á bæinn Stekk í
Njarðvík við Borgarfjörð eystra. Sex manns létust.

Pennan dag árið 1983 samþykkti Alþingi með 29 at-
kvæðum gegn 28 að mótmæla ekki hvalveiðibanni
Alþjóða hvalveiðiráðsins sem átti að taka gildi að
þremur árum liðnum.

Pennan dag árið 1988 voru hjarta og lungu grædd í
Halldór Halldórsson, 25 ára Kópavogsbúa, fyrstan
Íslendinga. Aðgerðin tók átta klukkustundir og var gerð
í London.

Pennan dag árið 1990 undir rituðu launþegar og at-
vinnurekendur heildarkjarasamninga sem áttu að ná
verðbólgu hratt niður og tryggja atvinnuöryggi.
Heimild: Dagur Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

Á þessum degi fyrir 70 árum



Ensku greinarnar um Ísland

Hjá því verður ekki komist að gefa þeim endurteknu
fregnum gaum sem birst hafa í enskum blöðum og þó
einkum í „The Scotsman“ um væntanlega innlimun Íslands
í Bretaveldi.

Það má þó Íslendingum í léttu rúmi liggja, þó einhver
bláðamaður, einn eða fleiri hafi tekið að sér samband Ís-
lands við Englendinga að yrkisefni og spinni um það
hugleiðingar sínar.

En þegar jafn virðulegt blað og „The Scotsman“ flytur
hvað eftir annað þær fregnir að hér á Íslandi sé sú skoð-
un útbreidd meðal áhrifamanna, að okkur Íslendingum
beinlínis beri að stefna að því, að leita hófanna um upp-
töku í Bretaveldi, þá er málið dregið inn á það svið að eigi
má láta það afskiptalaust.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðaustanátt og él, en bjartviðri suðvestanlands.
Frost 0-7 stig.

Horfur á laugardag:

Vestlæg átt og bjart veður, en dálítill ég vestantil á
landinu. Áfram fremur kalt í veðri.

Horfur á sunnudag:

Suðvestlæg átt og slydda eða snjókoma, en úrkomu-
lítið norðaustanlands. Hiti nálægt frostmarki.

Horfur á mánudag:

Norðlæg eða breytileg átt og víða él. Kólnandi veður.

Spurning vikunnar

Á ríkið að auka niðurgreiðslur
á rafmagni til húshitunar?

Alls svöruðu 595. – Já sögðu 521 eða 88% – Nei
söguðu 62 eða 10% – Alveg sama sögðu 12 eða 2%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið
skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Hvað er að fréttá? • Eiríkur Örn Norðdahl, skáld á Ísafirði

Reyni að hafa sólarhringinn réttan

„Ég var bara að skríða á
fætur. Ég er að reyna að hafa
sólarhringinn réttan, en það
gengur ekkert voðalega vel
hjá mér. Ég er að vinna sem
næturvörður á Hótel Ísafirði
og á erfitt með að skipuleggja
mig langt fram í tímann, því
ég veit aldrei almennilega
hvaða daga ég á eftir að vera
vakandi.“

Annars er ég bara að skrifa

á fullu og klára að lesa síðustu
jólaflóðsbækurnar. Svo er ég
kannski að fara að kenna rit-
list í Listaskóla Rögnvaldar
Ólafssonar. Ég er líka að rit-
stýra bók um ljóðlist og fer
líklega að stjórna ljóðahring í
sumar.

Annars er voðalega lítið af
einkalífinu að fréttá, ég geri
voðalega lítið. Þessi svefn-
óregla á mér fer alveg með

félagslífið. Það er helst um
helgar að mér tekst að vera
fullur með vinum mínum,
þ.e.a.s. þær helgar þegar ég
er ekki að vinna. Okosturinn
við það er helstur sá að ég
endist alltaf miklu lengur en
þeir vegna þess að ég sef á
daginn og vaki á nóttinni og
vill alltaf fara í party þegar
þeir vilja bara fara heim að
sofa.“



Saga þorablóta rakin • Jóna Símónía Bjarnadóttir, sagnfræðingur á Bæjar- og héraðsskjalasafninu

Gamli íslenski maturinn til sveita

Þorinn stendur nú sem hæst
og Íslendingar gerir sér daga-
mun með því að gæða sér á
súrmat og skemmta sér á
þorablótum. En hver er upp-
runi þorrans og hver er ástæða
þess að landinn leggi sér til
munns mat sem verkaður er á
eldgamlan máta. Lesendum
Bæjarins besta til gamans og
fróðleiks tók Jóna Símónía
Bjarnadóttir saman ýmsar
skemmtilegar staðreyndir um
þorablót.

Samkvæmt fornu íslensku
tímatali var þorri fjórði mán-
uður vetrar og taldist veturinn
þá hálfnaður. Nafnið er þekkt
frá 12. öld en ekkert er vitað
um uppruna þess né merkingu.
Þó ætla megi að þorablót séu
ævagamall siður en ekkert að
finna í fornum sögum sem ger-
ast á Íslandi um slíkt. Orðið
kemur fyrir í Orkneyinga sögu
þar sem verið er að rekja upp-
haf byggðar í Noregi. Segir
þar af Fornjóti konungi sem
átti þrjá syni, Hlé (Ægi), Loga
og Kára en Kári var faðir
Frosta föður Snæs hins gamla
sem átti soninn Þorra. Sá var
blótmaður mikill og hélt blót
á miðjum vetri sem gekk undir
heitinu þorablót. Þorri er hér
persónugerður, eitthvers konar
vetrarvætt. Tilvist orðsins
þorablót bendir þó til þess að
siðurinn hafi verið til í heiðni
en þegar verið er að rita forn-
sögurnar á 13. og 14. öld er
hann löngu aflagður og ekkert
um hann vitað.

Allt fram á 17. öld fer lítið
fyrir þorra en um það leyti fer
að bera á kvæðum þar sem
fjallað er um hann sem kröfu-
harðan öldung sem vel þarf að
taka á móti, annars hefnir hann
sín með harðindum. Svo virð-
ist, sem siðurinn að taka á móti
þorra, góu, einmánuði og
hörpu sé gamall, a.m.k. þekk-
ist hann á 17. öld. Húsfreyja
bauð þá þorra velkominn, hús-
bóndinn góu, meyar einmánuð
og sveinar hörpu sem er
fyrsti mánuður sumars. Síðar
breyttist þetta, húsbóndi býður
nú þorra velkominn, húsfreyja
góu o.s.frv.

Heitið bóndadagur sést fyrst
á prenti í þjóðsögum Jóns
Árnasonar árið 1864 og senni-
lega er öll síðari notkun heit-



isins þaðan komin. Matur var
riflega skammtaður á fyrsta
degi þorra og sumstaðar var
skömmtnun á ábyrgð bónd-
ans.

Fyrsta örugga heimildin um
þorablót utan heimilis er frá
árinu 1867 og var blótið haldið
í Reykjavík. Svo virðist sem
siðurinn hafi síðan aðallega
verið haldinn til sveita. Það er
ekki fyrir en á 20. öld að átt-
hagafélög, sem þá voru farin
að starfa í þéttbýlinu, fóru að
standa fyrir samkomum að
vetrarlagi þar sem snæddur var
íslenskur matur og fengu þess-
ar samkomur síðar heitið
þorablót.

Heitið þorramatur sést fyrst
á prenti 1958 og virðist komið
frá veitingamönnum sem um
þetta leyti auglýstu mannfagn-
aði með íslenskum mat á þor-
ranum og var veitingahúsið
Naustið brautryðjandi þessa.
Þannig gátu þeir, sem ekki til-
heyrðu áttahagafélögum, kom-
ið saman og snætt þorramat
en fjöldi þess fólks jókst er
líða tók á öldina.

Harðfiskur með sméri í stað brauðmetis

Þorramatur er í raun gamli
íslenski sveitamaturinn, súr-

matur og harðfiskur var hvers-
dagsmatur hér áður og fyrr.
Mjöl var mjög af skornum
skammti í landinu og brauð
því fágætt. Drygra þótti að
nota mjöl í grauta en brauð og
það brauð sem þó var bakað
voru þunnar kökur s.s. rúg-
kukur og laufabrauð. Í stað
brauðmetis, sem var ómiss-
andi hluti daglegrar fæðu ann-
arra þjóða álfunnar, snæddu
menn harðfisk með sméri. Salt
var líka fágætt vara á Íslandi
fyrir á tíð enda þurfti mikinn
við til að vinna salt úr sjó.
Menn leituðu því annarra leiða
til að geyma mat. Fiskur var
þurrkaður eða kæstur, kjöt
reykt eða lagt í súr og stundum
þurrkað eða jafnvel kæst. Að
nota súr til langtímageymslu
matar þekkist ekki annars
staðar á Norðurlöndum þó þar
þekki menn t.d. súra mysu.

Súrar sviðalappir sjaldgæf sjón

Í hugum margra er þorra-
matur einvörðungu súrmeti,
sem ýmsir hafa á síðari árum
lýst sem hinu mesta óæti. En
þegar kannað er hvað menn
hafa haft í trogum á þorablót-
um í gegnum tíðina, kemur í
ljós að þorramaturinn er í raun



Jóna Símónía Bjarnadóttir.

fjölbreyttur. Eins og fram kom
hér að ofan þá var súrmatur
hversdagsfæði til sveita og
ekki snæddur á hátíðisdögum.
Á fyrstu þorablótunum höfðu
menn því aðallega hangikjöt,
kartöflur, brauð og eftirrætti
ásamt kaffi og pönnukökum
eða öðru sætmeti, eitthvað sem
menn höfðu ekki á borðum
hversdags. Með tímanum
breyttist samsetningin og hlut-
ir eins og síld og síldarsalöt
fóru að sjást ásamt grísa saltu
og saltkjöti auk hins gamla
súrmatar. Sitthvað af þeim mat
hefur horfið með tímanum.
Þannig er orðið sjaldgæft að
sjá súrar sviðalappir og frið-
unarsinnar hafa haft af okkur
hvalinn. Lundabaggar eru líka
orðnir sjaldgæf sjón en í þeirra
stað eru komnar súrsaðar rúllu-
pýlsur eða slagvefjur sem kall-
ast þó lundabaggar. Þungar eru
líka horfnir víðast hvar en í
staðinn komin eins konar eist-
nasulta.

Verkun á þorramatnum hef-
ur líka breyst. Áður verkaði
hver það sem hann þurfti og
ekki óalgent að súrfötur væru
í köldu búi á heimilum. Nú
fer þeim ört fækkandi sem súra
sjálfir og eldra fólk kvartar
undan því að ekki fáiast lengur
almennilegur súr. Fyrr á tíð
var skyrmysa látin gerjast og
lagerast. Hún varð eldsúr og
þótti sumum hún ekki verulega
góð fyrr en hún var orðin
tveggja ára. Þegar notkun á
rúgi í sláturmat jókst þurfti
minni súru og þegar skyggerð
hvarf endanlega af heimilum
og í mjólkurstöðvagnar má
segja að sýrugerð hafi farið
mjög aftur.

Í brambolti 20. aldar áttu
gamlar matarhefðir verulega
undir högg að sækja enda
komnar nýjar aðferðir til að
geyma mat svo sem íshús og
saltskorturinn var úr sögunni.
Segja má að þorablótin hafi
orðið til þess að hinar gömlu
geymsluaðferðir lifðu áfram
að eitthverju leyti.

● **Draumalandið** • Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

Þjóð sem á sér mikla sögu

„Indland er draumalandið. Þangað hef ég aldrei komið en ég held að menn- ingin þar standi á svo göml- um merg og þjóðin eigi sér mikla sögu. Ég veit ekkert um Indland nema það sem ég hef lesið mér til. Það er allt annað að fara á staðinn, anda að sér loftinu og upp- lifa landið.



Ég er ekkert á leiðinni til Indlands enda er heilmargt sem þarf að huga að áður en þangað er farið. Það þarf til dæmis að bólusetja sig í bak og fyrir. En ég vona að ég fái einhvern tímann í lífinu að upplifa það að koma til Indlands,“ sagði Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ.



● **Vestfirskar þjóðsögur** • Gísli Hjartarson

Dulbúnu jólakökurnar

Hjá verktakafyrirtækinu Ágústi og Flosa á Ísafirði hafa unnið saman til langs tíma þeir Jakob Jónsson frá Hörgshlíð í Mjóafirði í Djúpi, stundum nefndur Kobbi í Króknum, og Hjalti Guðrøðsson frá Kálfavík í Skótufirði í Djúpi, oftast kallaður Hjalti kálfur. Kobbi hefur löngum verið mikill sælkeri en Hjalti einatt þekktur fyrir ást sína á íslenskum mat, helst vel útlátnum sveitamat. Einhverju sinni kom Kobbi í kaffi með jólakökur í muffinsform- um. Þar sem hann var með góðan slatta af þeim bauð hann vini sínum Hjalta jólaköku með þessum orðum: Hjalti minn, má ekki bjóða þér muffins? Hjalti svaraði um hæl með sínum rómi: Nei, Jakob minn, ég borða ekki útlenskar kökur.

● **Starfið mitt** • Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, héraðsdýralæknir Vestfjarða með aðsetur á Ísafirði



● **Sportið í beinni**

SkjáEinn:
Laugardagur 5. febrúar:
Kl. 12:45 – Enski boltinn: Crystal Palace – Bolton.
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Liverpool – Fulham.
Kl. 17:15 – Enski boltinn: Aston Villa – Arsenal

Sunnudagur 6. febrúar:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Southampton – Everton
Kl. 16:05 – Enski boltinn: Chelsea – Man. City.

Sýn:
Laugardagur 5. febrúar:
Kl. 20:50 – Spænski boltinn: Real Madrid – Espanyol

Sunnudagur 6. febrúar:
Kl. 13:50 – Ítalski boltinn: Parma – Inter
Kl. 19:50 – Spænski boltinn: Barcelona – Athl. Madrid
Kl. 23:00 – Ameríski boltinn: New England – Philadelphia

Canal+ Norge:
Miðvikudagur 2. febrúar:
Kl. 19:55 – Enski boltinn: Blackburn – Chelsea.

Laugardagur 5. febrúar:
Kl. 12:45 – Enski boltinn: Crystal Palace – Bolton
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Man. Utd. – Birmingham

Sunnudagur 6. febrúar:
Kl. 16:05 – Enski boltinn: Chelsea – Man. City.

Canal+ Sport:
Miðvikudagur 2. febrúar:
Kl. 19:25 – Ítalski boltinn: Sampdoria – Juventus

Fimmtudagur 3. febrúar:
Kl. 18:00 – Elitserien: Brynas – Modo

Föstudagur 4. febrúar:
Kl. 01:15 – NBA boltinn: Indiana – Dallas.

Laugardagur 5. febrúar:
Kl. 14:55 – Enski boltinn: Newcastle – Charlton Athl.
Kl. 17:10 – Enski boltinn: Aston Villa – Arsenal.
Kl. 19:10 – Enski boltinn: Norwich – WBA
Kl. 21:00 – Enski boltinn: Liverpool – Fulham.

Sunnudagur 6. febrúar:
Kl. 13:55 – Enski boltinn: Southampton – Everton.

● **Kirkjustarf**

Ísafjarðarkirkja: Messa og kirkjuskóli sunnudaginn 6. febrúar kl. 11:00.

Gaman að geta bjargað lífi dýra

„Ég hef verið héraðsdýra- læknir í 7 ár. Í starfinu felst meðal annars greining og með- höndlun sjúkra dýra, fæðingar- hjálp, geldingar, ófrjósemisað- gerðir, bólusetningar, orma- hreinsanir og sæðingar kúa. Ég sinni því sem kemur upp hverju sinni, oft kemur svo eitthvað óvænt upp á svo sem

slys á hundum eða köttum. Fæðingarhjálp hjá kúm, kalk- skortur (doði) hjá kúm og svona mætti lengi telja.

Þar sem svæðið er stórt og ekki gott yfirferða er mikil ráðgjöf í gegnum síma og ég reyni að vera til taks hvenær sem er. Það er auðvitað gam- an að geta bjargað lífi dýra af

ýmsum stærðum og gerðum en á móti kemur að maður þarf alltaf að vera til taks og aldrei frí hvorki á nóttu sem degi.

Það er erfiðt að gera upp á milli dýrana um hvert er uppá- haldið. Kettir hafa að minsta kosti 9 líf og því oft gott að meðhöndla þá. Hundar og hest- ar eru einnig í miklu uppáhaldi.

Ég var í mjög skemmtilegri sveit, á sumrin, frá 11 ára aldri. Þar voru mjólkurkýr, grísir, hænur, endur, hundur og kött- ur. Einnig æðarvarp. 17 ára fór ég svo á bændaskólann á Hvanneyri og ákvað fyrir al- vöru að verða dýralæknir.

Starfið sem ég er í er mikill draumur. Annars væri ég alveg

til í að vinna á stórum dýra- spítala í erlendri borg þar sem mikið er að gera. Það er aldrei að vita nema maður prófi það einhvern tímann. Mér þykir vænt um starfið mitt því það er ástæðan fyrir því að kom ég til Ísafjarðar og því hefði ég ekki viljað missa af,“ sagði Sigríður Inga.

● **Brennslan mín** • Sunneva Sigurðardóttir, söngkona á Ísafirði

Ekkert slor þó ég segi sjálf frá

Þetta er bara brot af þeim lögum sem mér finnst vera bestu lög allra tíma. Þau eru af ýmsu tagi allt frá rappi til rokks. Það eru til óhemju mikið af góðum lögum og ég gæti endalaust talið upp þau lög sem eru í uppáhaldi hjá mér.

1. Preachers son – Dusty Springfield
Ljúft og gott lag til að hlusta á rómantískri stundu yfir glasi af víni.

2. Downer – Nirvana
Rokkað lag og mjög gott að hlusta á það. Heyrði það

fyrst þegar ég var þrettán ára og féll alveg fyrir því.

3. Wreckonize – Smif-N-Wesson
Rapp er æði, rapp er kúl. Ég hlustaði mikið á þetta lag í þegar ég var í gagnfræða- skólanum og finnst það enn vera flott.

4. Nearly lost you – Screaming trees
Minnir ágóða tíma. Margar góðar minningar tengjast þessu lagi og þetta er mjög töff lag.

5. No rain – Blind Melon

Geðveikt gott lag. Ég hlust- aði mjög mikið á það þegar ég bjó út í Danmörku. Ég sleit því næstum út með of mikilli hlust- un.

6. Sour times – Ports head
Rólegt og rómantískt. Hvað þarf að segja meira?

7. Jeremy – Pearl jam
Fjallar um einelti og hversu afleiðingar þess geta verið við- bjóðslegar. Vekur mann til umhugsunar.

8. Night song – KK
Rosalega fallett lag. Fyrsta sinn sem ég heyrði það spilaði

vinur minn það á gítar fyrir frænku mína sem féll fyrir honum fyrir vikið. Ég var að- eins tólf ára og hélt að hann hefði samið það fyrir hana. Seinna komst ég að hinu sanna en ennþá finnst mér það svo rómantískt.

9. Red, red wine – UB40
Svo rómatískt lag og lætur manni líða vel.

10. Float around – Halldór Gunnar Pálsson og Sunneva Sigurðardóttir.
Frumraun mín í tónlistar- bransanum og lagið er ekkert slor þó ég segi sjálf frá. Ég er



Sunneva Sigurðardóttir. mjög ánægð með hvernig það út þó það sé skrítið að heyra sjálfa mig syngja.



Lögbann á framleiðslu, sölu og notkun á flokkara 3X Stáls stendur

„Förum ekki í aðgerðir sem þessar nema að vandlega íhuguðu máli“

Sýslumaðurinn á Ísafirði ákvað í síðustu viku að lögbann það sem sett var á framleiðslu, sölu og notkun á rækjuflokkara 3X Stáls á Ísafirði framleiddi stæði. Eftir að lögbannið hafði verið sett ósk- uðu forráðamenn 3X Stáls eftir því að lögbanninu yrði aflétt og lögðu fram frekari gögn máli sínu til stuðnings. Á það féllst sýslumaðurinn ekki. Lögbannið var sett að beiðni Vélsmiðjunnar Style í Garða-

bæ sem telur sig vera með einkaleyfi á hluta af búnaði flokkarans. Einn flokkari af þessari gerð var kominn í notkun í rækjuverksmiðju Frosta í Súðavík. Sem tryggingu í málinu lagði Style fram 10 milljónir króna.

Egill Ragnarsson, stjórnarformaður Style segir um afar leiðinlegt mál að ræða. „Það má öllum vera ljóst að við förum ekki í aðgerðir sem þessar nema að vandlega íhug-

uðu máli og eftir að við höfum reynt allt annað. Það er enginn vafi í okkar huga að flokkari sá sem 3X Stál seldi til Súðavíkur er að stórum hluta byggður á einkaleyfum sem við höfum. Við bentum mönnum á þessa staðreynd og reyndum hvað við gátum að leysa málið í bróðerni. Því miður tókst það ekki og málið er það alvarlegt að við áttum enga aðra úrkosti en að leita réttar okkar fyrir dómstólum.“

Egill segir fyrirtækið hafa lent í svipuðu máli áður. „Á sjávarútvegssýningu fyrir nokkrum árum voru tvö fyrirtæki með flokkara sem byggðir voru á einkaleyfum okkar. Annað fyrirtækið hætti strax sölu eftir athugasemdir okkar en við urðum að fara í lögbann gagnvart hinu fyrirtækinu. Í kjölfarið höfðuðum við staðfestingarmál sem við unnum.“

Vélsmiðjan Style hefur framleitt um 90 flokkara og

þar af eru um 30 í notkun hér á landi, bæði í landvinnslu og um borð í frystiskipum. Hann segir fyrirtækið hafa fjölda einkaleyfa fyrir sinni framleiðslu, bæði hér á landi og erlendis. Auk Íslands hafa vélarnar verið seldar til Rússlands, Japans, Skotlands, Kanada, Bandaríkjanna og fleiri landa. „Við höfum sérhæft okkur í þróun og framleiðslu á þessum flokkara. Þróun hans hefur kostað milljónatugi og

við settum okkur ekki við að sú fjárfesting sé hirt af okkur með ólöglegum leiðum“ segir Egill. Hann segir að lögfræðingur fyrirtækisins vinni nú að því að höfða staðfestingarmál en það þarf að gera innan viku frá því að lögbann er sett.

Jóhann Jónasson framkvæmdastjóri 3X Stáls neitaði alfarið að tjá sig um málið þegar leitað var eftir því fyrir helgina.

– hj@bb.is

Aflaverðmæti á Vestfjörðum

Um 2% samdráttur

Í október á síðasta ári var landað samtals 3.625 tonnum af sjávarfangi á Vestfjörðum að verðmæti rúmar 383 milljónir króna. Er þar um nokkurn samdrátt að ræða á milli ára því í október 2003 var landað 4.226 tonnum að verðmæti rúmar 392 milljónir króna. Er samdrátturinn því í magni rúm 14% en aðeins rúm 2% í verðmætum.

Á fyrstu 10 mánuðum síðasta árs var landað 37.868 tonnum á Vestfjörðum að verðmæti rúmar 3.578 milljónir króna. Árið áður var landað 46.623 tonnum að verðmæti rúmar 3.991 milljón króna. Samdrátturinn á milli ára er því rúm 10% í verðmætum talið en tæp 19% í magni. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. – hj@bb.is

Fasteignaverð á Ísafirði hækkar

Stærri eignir seljast betur

Fasteignaverð á Ísafirði hefur haldur verið að hækka að undanfögnu. Aðspurður segir Tryggvi Guðmundsson fasteignasali að verðið sé að þróa í rétta átt, en töluvert vanti þó upp á til að það teljist eðlilegt.

„Það þarf að hækka töluvert meira til að svo verði. En svo er eitt farið að gerast sem hefur ekki gerst lengi, eftirspurn eftir stærri eignum virðist vera orðin meiri en framboð. Viðskiptavinir hafa verið að kvarta yfir því hversu lítið er á sölu- skrá. Ég vona að það hafi þau áhrif að fasteignaverð fari að lyftast í samræmi við það sem hefur verið að gerast fyrir sunnan. Stærri eignir seljast klárlega betur en þær minni sem þó eru farnar að seljast



ágætlega, en síðustu 2-3 ár hafa þær minni varla hreyfst nokkuð“, segir Tryggvi.

Aðspurður segir Tryggvi að ný lán og betri lánskjör eigi vissulega þátt í því að auka eftirspurn eftir fasteignum á svæðinu. „Svo sýnist mér fólk einfaldlega hafa meiri trú á framtíð þessa sveitarfélags en áður.“ – halfdan@bb.is



Eins og sjá má er stutt í að sjórinn grafi undan veginum um Óshlíð.

Mikið rof vegna sjávargangs við veginn um Óshlíð

Í síðustu viku urðu starfsmenn Vegagerðarinnar varir við að mikið rof hafði orðið við þjóðveginn um Óshlíð. Að sögn Kristjáns Kristjánssonar umdæmissjóra Vega-

gerðarinnar má ætla að sjór hafi rofið um 8.000 rúmmetra og var sjórinn farinn að ganga og var sjórinn nærri veginum eins og hann orðaði það.

Lögreglan í Bolungarvík var

um tíma við eftirlit á svæðinu og það öikumenn stærri bíla að aka ekki of nærri vegbrún. Allt það efni sem rennur úr Óshlíð á hverju ári er notað sem sjóvörn við veginn sem að öðru

leyti hefur lítt eða ekki verið sjóvarinn. Ekki eru mörg dæmi um að sjór hafi gengið svo nærri veginum á seinni árum.

– hj@bb.is